



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Menntavísindasvið

Fjölbreyttir
kennsluhættir
í einstaklings-
miðaðri
kennslu

Skýrsla um þróunarverkefni



Ingvar Sigurgeirsson
Ingveldur Eiríksdóttir
Hilmar Björgvinsson
Ragna Björnsdóttir
Alice Petersen
Anna Margrét Sigurðardóttir
Guðbjörg Viðarsdóttir
Helga Haraldsdóttir
Kristín Konráðsdóttir,
Sigmar Ólafsson
Þórunn Ingvadóttir

[Desember 2010]

© 2010 Ingvar Sigurgeirsson, Ingveldur Eiríksdóttir, Hilmar Björgvinsson, Ragna Björnsdóttir, Alice Petersen, Anna Margrét Sigurðardóttir, Guðbjörg Viðarsdóttir, Helga Haraldsdóttir, Kristín Konráðsdóttir, Sigmar Ólafsson og Þórunn Ingvadóttir

Öll réttindi áskilin

Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu: Skýrsla um þróunarverkefni

SRR Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf

ISBN 978-9935-406-09-5

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Leshringur	5
Skólaþróunarverkefni	5
LÆSISTEFNAN	6
Aðferðir í byrjendakennslu	6
Áherslur í framhaldi af byrjendakennslu	8
Gagnvirkur lestur	8
Framsögn	8
RADDLESTUR Í SKÓLA OG HEIMA	9
Framkvæmd	9
Ný hraðaviðmið	10
Lestrarferfiðleikar	10
SKRÁNINGAR Á FERILSBLÖÐUM	11
Bókstafakönnun	11
Skimunarprófið <i>Læsi</i>	11
Hraðlestur	12
Framsögn	12
Ýmis góð ráð	13
Áhugaverðar netsíður	13
LOKAORÐ UM LÆSISTEFNU	13
Heimildaskrá um læsistefnu	13
ÚTIKENNSLAN	15
Hvað er útinám?	15
Stefna skólans	15
Útinámssvæði	16
Nýting náttúruafurða	18
Vettvangsferðir	19
Mismunandi tegundir vettvangsferða	20
Upplifum náttúruna	29
Námssjóður	30
Lokaorð um útikennslu	30
Heimildskrá um útikennslu	31
MAT Á ÞVÍ HVERNIG TIL HEFUR TEKIST	32
Fylgiskjöl	34
Fylgiskjal 1. Kvittunarhefti fyrir nemendur á yngsta stigi	34
Fylgiskjal 2. Ferilblað: Bókstafakönnun, skimun og hraðlestur	35
Fylgiskjal 3. Ferilblað: Framsögn	38
Fylgiskjal 4. Hugmynd að matskvarða í framsögn	40
Fylgiskjal 5. Nokkrir listar sem nýta má við skipulag vettvangsferða	42
Fylgiskjal 6: Verkefnaspjöld sem vinna má í ferð til Þingvalla	44
Fylgiskjal 7: Skóladagatal ársins 2010–2011 þar sem umhverfis- og útivistardagar eru merktir með fjólubláu.	51
Fylgiskjal 8: Vinnuáætlun þróunarverkefnisins „Til móts við náttúruna“	52
Fylgiskjal 9 Greinargerð með námssjóðsverkefnum	57

Inngangur

Grunnskólinn Ljósaborg hóf starfsemi árið 2005 og var þá hluti af Grunnskóla Bláskógabyggðar. Allt frá haustinu 2007 hefur skólinn starfað sjálfstætt. Nemendur hafa verið á bilinu 35–60 í 1.–7. bekk og síðustu tvö árin hefur 8. bekkur verið hluti af skólanum sömuleiðis. Eldri nemendur fara í Grunnskóla Bláskógabyggðar í Reykholti. Áður hafði skólahald verið á Ljósafossi í sextíu ár, mestan hluta þess tíma rekið sameiginlega af Þingvallasveit, Grafningi og Grímsneshreppi.

Í aðdraganda stofnunar Grunnskólans Ljósaborgar voru foreldrar með ólíkan bakgrunn fengnir til þess að koma með hugmyndir að skólastefnu og vinna að henni með sveitarstjórn. Í undirbúningsferlinu var ákveðið að skólinn skyldi starfa í anda einstaklingsmiðaðs náms og umhverfismenntar og með sérstaka áherslu á list- og verkgreinar.

Á síðustu þremur árum hefur starfsfólk skólans unnið að þróunarverkefni um námsmat í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum og var skýrsla skilað inn um það verkefni vorið 2009.

Síðast liðið vor sótti skólinn um styrk frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til verkefnisins *Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu*. Í umsókn um verkefnið, sem var hugsað hvort tveggja sem námskeið og þróunarverkefni, var lögð áhersla á eftirfarandi sjónarmið:

Grunnskólinn Ljósaborg hefur haft það að meginmarkmiði að vinna í anda einstaklingsmiðunar. Hún setur sterkan svip á skólastarfið og vilji er innan kennarahópsins að styrkja sig faglega í fjölbreyttum kennsluháttum þar sem komið er til móts við fjölbreyttar þarfir nemendanna. Skólinn hefur undanfarin ár tekið ákveðin skref í einstaklingsmiðuninni og undanfarin tvö ár verið að þróa námsmat sem endurspeglar kennsluhætti og markmið. Námskeiðið er hugsað sem stuðningur við og hvatning fyrir kennara skólans auk þess sem ný þekking bætist við sem byggt verður á í framtíðinni.

Meginmarkmið verkefnisins var að skipuleggja og þróa kennslu- og námsmatsaðferðir í samræmi við stefnu skólans um teymiskennslu og einstaklingsmiðun. Til að hafa umsjón með verkefninu var fenginn Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands. Verkefnið fór af stað með stuttu námskeiði haustið 2009 og stóð það í tvo daga. Ingvar Sigurgeirsson flutti *inngangserindi um kennslu og námsmatsaðferðir* þar sem leitast var við að veita innsýn í ýmis skólaþróunarverkefni sem kennarar hér á landi voru að fást við um þetta leyti. Síðdegis sama dag stýrði Ingvar dagskrá um *þróun kennslu- og námsmatsaðferða* og var þar stuðst við handbókina *Litróf kennsluáðferðanna* þar sem áhersla er lögð á fjölbreytni og aðferðir sem virkja nemendur.

Daginn eftir flutti Lilja M. Jónsdóttir, lektor við Kennaradeild Háskóla Íslands, erindi og stýrði umræðum um skipulagningu *heildstæðra verkefna (þemanám)*. Síðdegis sama dag ræddi Ágúst Ólason deildarstjóri í Norðlingaskóla um *einstaklingsmiðaða kennsluhætti* með hliðsjón af reynslunni þar en við þróun starfsins í skólanum hefur áhersla verið lögð á teymisvinnu starfsfólks og samkennslu nemenda í aldursblönduðum hópum. Leitað hefur verið leiða til að auka ábyrgð nemenda á eigin námi, meðal annars með því að þeir leggi niður fyrir sér áform (námsáætlanir) í samvinnu við kennara sína og taki virkan þátt í mati á því hvernig gengur.

Í framhaldi af þessari dagskrá unnu kennarar að undirbúningi verkefna sem voru tvenns konar, annars vegar *leshringur um kennslu- og námsmatsaðferðir* – hins vegar *skólaþróunarverkefni*.

Leshringur

Ákveðið var að kennarar læsu saman og ræddu þrjár bækur:

Ingvar Sigurgeirsson (1981). *Skólastofan: Umhverfi til náms og þroska*. Reykjavík: Æskan.

Ingvar Sigurgeirsson (1999). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan.

Ingvar Sigurgeirsson (1996). *Listin að spyrja*. Handbók fyrir kennara.

Þetta verkefni hófst með vinnufundi með Ingvari Sigurgeirssyni 23. september og unnu kennarar að því fram yfir áramót.

Skólaþróunarverkefni

Í framhaldi af leshringnum var ákveðið að ráðast í verkefni þar sem unnið yrði með þær áherslur sem lagt var upp með á námskeiðinu. Niðurstaðan varð sú að starfsfólkið skipti sér í tvo hópa og ákvað annar hópurinn að leggja drög að stefnumörkun fyrir skólann um *læsi*, þ.e. að móta *læsisstefnu skólans*. Hinn hópurinn ákvað að leggja drög að stefnu skólans um *útikennslu og umhverfismennt*.

Vinnufundur var haldinn með Ingvari Sigurgeirssyni 20. janúar 2010 og í framhaldi af því mótuðu hóparnir sér verklag og skiptu með sér verkum. Þann 10. júní skiluðu þeir drögum að skýrslum sínum og voru þær ræddar. Lokahendur voru síðan lagðar á verkefnið haustið 2010 og eru þau komin hér í eina sameiginlega lokaskýrslu.

Vinna þessara tveggja hópa var, eins og fram hefur komið, hugsuð sem fyrstu skref í að móta sameiginlega stefnu í þessum tveimur málaflokkum og stefnt var að því að afraksturinn yrði hluti af skólanámskrá Grunnskólans Ljósaborgar.

LÆSISTEFNAN

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þeirri vinnu og þeim niðurstöðum sem læsistefnuhópurinn kom sér saman um. Þrír kennarar og einn starfsmaður unnu að þessari stefnumótun. Þeir voru Alice Petersen og Ragna Björnsdóttir umsjónarkennarar í 1. –4. bekk, sérkennari skólans Anna Margrét Sigurðardóttir og Helga Haraldsdóttir starfsmaður á bókasafni. Vinnan dreifðist yfir veturinn og lauk með þeirri greinargerð sem hér fer á eftir og er ætlað að vera kafla í námskrá um lestrarkennslu Grunnskólans Ljósuborgar. Til viðbótar við greinargerðina var einnig unnið að því að útbúa ferilsblöð til að halda utanum framvindu og árangur í tengslum við lestrarnámið.

Áður en lagt var af stað í mótun læsistefnu fyrir skólann höfðu ýmsar þreifingar átt sér stað í skólastarfinu varðandi lestrarkennsluna og hún því orðin okkur nokkuð hugleikin. Hraðapróf höfðu verið sett niður fyrir allan skólann á ákveðnum tímum og þeim fjölgað. Einnig voru ný viðmið úr ritinu *Fluglæsi* höfð að leiðarljósi. Aðferðin *Gagnvirkur lestur* hafði verið mátuð og ýmislegt annað reynt í kennslunni. Það að ráðast í gerð læsistefnu fyrir skólann gaf okkur tækifæri til að meta hvernig fyrri áherslur voru að skila sér og hvað mætti gera öðruvísi og betur. Í þeirri vinnu var kafað dýpra og ýmislegt skoðað í starfi annarra skóla og fyrirlestrar sóttir til að öðlast meiri þekkingu og kynnst nýjum aðferðum eða nýrri framsetningu, allt til að auka gæði lestrarkennslunnar.

Aðalmarkmið læsistefnunnar var í okkar huga að setja fram skýr markmið í kennslunni og veita gott aðhald fyrir alla sem að henni koma og lýsa æskilegri lestrarfærni nemandans í gegnum alla skólagönguna.

Eins og oft vill verða í vinnu sem þessari varð verkefnið heldur umfangsmeira en við ætluðum. Við gerum okkar fyllilega grein fyrir því að sú greinargerð sem hér er sett fram er ekki endanleg og enn má bæta við upplýsingum. Þá er mikilvægt að hafa í huga að vinna með lestur er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og kennslan þarf að taka mið af því sem reynist farsælast hverju sinni.

Að lokum má nefna að nú um stundir er hugtakið læsi að ryðja sér til rúms en það stendur fyrir færni í lestri, lesskilningi, framsögn og ritun eða vinnu með málið út frá margbreytilegum hliðum. Skýrslan sem hér er sett fram snýst þó að mestu um lestrarfærni sem samanstendur af hraða, skilningi og framsögn. Ritunarpátturinn verður að bíða betri tíma.

Aðferðir í byrjendakennslu

Í Grunnskóla Ljósuborgar hefur ekki verið unnið eftir einni ákveðinni lestrarkennsluaðferð eða tekin ákvörðun um að fylgja eingöngu einni kennsluaðferð í lestrarkennslu fyrir byrjendur. Það hefur hins vegar verið haft að leiðarljósi/markmiði að meta stöðu nemenda sem hefja nám í 1. bekk og kanna reynslu þeirra, kunnáttu og nám á leikskólastiginu og vinna svo út frá því með hjálp hinna ýmsu verkfæra sem við lítum svo á að kennsluaðferðir séu.

Þeir nemendur sem koma úr leikskólanum Kátuborg í Grímsnes- og Grafningshreppi og hefja nám í 1. bekk hafa flestir komið í skólaheimsókn einu sinni í viku veturinn áður en skólaganga þeirra hefst. Í þeim heimsóknum hafa þeir verið þátttakendur með nemendum í 1. bekk og fengið markvissan undirbúning fyrir lestrarnámið með þjálfun hljóðkerfisvitundar í gegnum leik. Margar rannsóknir benda til þess að styrk hljóðkerfisvitund auðveldi allt lestrarnám og þjálfun hennar flýti fyrir því að nemendur nái tókum á lestrarfærni (Helga Friðfinnsdóttir, 1999).

En þrátt fyrir mikilvægi hljóðkerfisvitundarinnar þá er ekki síður mikilvægt að lestrarnám barna sé merkingarbært, veki áhuga og hvetji þau til þess að nota þekkingu sína og sköpunargáfu um leið og þau tileinka sér lestrarfærni. Læsi er svo mikið meira en eingöngu það að læra að lesa einhver tákni á blaði, eins og fram kom í inngangi hér á undan.

Hér á eftir verða taldar upp nokkrar af þeim kennsluaðferðum sem við beitum fyrir okkur við lestrarkennslu í 1. og 2. bekk í Grunnskólanum Ljósaborg, þar sem markmiðið er að nemendur nái góðum árangri í lestri, lesskilningi, framsögn og ritun sem allra fyrst á skólagöngu sinni.

Hljóðaaðferðin gengur út á kennslu á stöfunum, hljóði þeirra og táknum. Þegar nemendur hafa heyrt hljóð og séð tákni byrja þeir að móta og skrifa stafinn þannig að samhenging hugar og handar æfist. Fyrst eru kenndir nokkrir stafir og síðan er næsta skref að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og setningar.

LTG –aðferðin felst í því að unnið er út frá talmáli og sköpunarhæfileikum nemenda sem semja sögur, með hjálp kennara, sem notaðar eru til þess að kenna ákveðna stafi eða orðmyndir. Kveikjan að sögunum getur verið valinn stafur, mynd, leikfang, upplifun eða hvað annað sem kann að drífa á daga nemendahópsins. Síðan er unnið með sögutextann á ýmsan máta. Við textagerð sem þessa gefst nemendum tækifæri til þess að uppgötva tengsl hins talaða máls og hins ritaða.

Hugarkort/hugtakort er aðferð þar sem nemendur geta notað myndræna framsetningu til þess að skapa tengsl við stafi, hljóð og orð. Á seinni stigum eru þau góð til þess að koma skipulagi á hugsun sína, ná yfirsýn yfir efni/þekkingu og undirbúa ritun eða sögugerð.

Spil og leikir af ólíkum gerðum eru mikilvægar kennsluaðferðir á yngstu stigum og notaðar til þess að þjálfar það sem áður hefur verið kennt, s.s. stafi, hljóð þeirra og tákni, eða orð og orðmyndir.

Skapandi starf af ýmsu tagi þar sem unnið er með ýmis efni til þess að móta stafi og orð, t.a.m. leir og málning, er markvisst beitt í 1. bekk.

Samlestur þar sem gæðatextar eru valdir af kennara og geta t.a.m. verið heilar sögur og bækur eða sögu- og bókarbrot, ljóð eða textar úr námsefni í samfélags- og náttúrufræðigreinum. Unnið er með ákveðin lykilhugtök, orð, orðmyndir eða stafi. Þetta eykur orðaforða og lesskilning og er gott að nota slíka texta með hugarkortum.

Paralestur þar sem nemendur lesa texta/bók sem valin er af kennara. Hann stuðlar að þjálfun í raddlestri og framsögn. Hlustandinn væri þá hugsanlega með hlutverk sem tímavörður eða umsagnaraðili. Einnig búa nemendur til spurningar úr efninu hvor fyrir annan eða endursegja og æfa þannig fyrstu skrefin í gagnvirkum lestri.

Myndasögur/endursögn er aðferð sem þjálfar nemendur í sögugerð, þjálfar framsögn, kennir aðgreiningu á aðalatriðum og aukaatriðum og þjálfar hlustunarþátt þeirra nemenda er á hlýða. Þarna eru líka stigin skref í átt til gagnvirkis lesturs.

Kennsluforrit eru til í nokkrum mæli sem við notum til lestrarkennslu/þjálfunar og hafa til að mynda verið sett upp á mjög aðgengilegan hátt á vef *Námsgagnastofnunnar*.

Leikræn tjáning er aðferð sem gott er að beita til þess að þjálfar orðskilning og til þess að festa erfiða stafi/hljóð í minni barna rétt eins og skapandi starfið þar sem nemandinn handleikur táknið.

Áherslu í framhaldi af byrjendakennslu

Frá 3. bekk og upp í 8. bekk er stefnt á að hafa lestrarstundir í upphafi hvers dags hjá umsjónarkennara eða íslenskukennara. Markmiðin með þeim eru margvísleg en alltaf haft að leiðarljósi að þessar stundir snúist um gæðalestur. Nemendur velja sér bók úr körfu sem kennari er búinn að velja í. Ýmist er verið að stuðla að ánægjulestri og auknum orðaforða eða verið að lesa með áherslu á skilning og nemendur látnir vinna verkefni til að reyna á getu þeirra og færni í því samhengi. Önnur nálgun væri að láta nemendur vinna í paralestri og þá stuðlað að þjálfun í raddlestri eða framsögn. Hlustandinn væri þá hugsanlega með hlutverk sem tímavörður eða umsagnaraðili. Þá má minna á mikilvægi að kennarar lesi fyrir nemendur, t.d. í nestistímum. Með slíkum lestri gefst tækifæri á að gefa gott fordæmi og möguleika á að kryfja orð og texta og bæta þannig við orðaforða og lesskilning. Kennarinn miðlar þá upplýsingum og þetta myndar væntanlega tengsl við Gagnvirkan lestur sem greint er frá í næsta kafla.

Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur er lestraraðferð sem felst í því að kenna nemendum að auka skilning sinn á því sem þeir eru að lesa. Upphafsmenn aðferðarinnar eru Ann L. Brown og Annemarie S. Palincsar (Rósa Eggertsdóttir, 1998).

Þessa aðferð þarf að aðlaga nemendahópnum og einstaka nemanda ef með þarf. Í 3.– 4. bekk er vel hægt að byrja með lítil skref og bæta svo hægt og rólega við. Megináherslan á þessa þjálfun yrði þó sett inn á miðstigið.

Uppistaða kennslunnar byggist á fjórum þáttum:

- að taka saman meginatriði efnisins, *samantekt*
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans, *kennaraspurningar*
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst, *orðskýringar*
- að spá fyrir um framhald texta, *forspá*

Ungir nemendur byrja á því að endursegja sögur munnlega og finna meginþráðinn/efnið á meðan að eldri nemendur geta gert endursögn skriflega. Ungir nemendur fá kynningu á einstaka orðum og hugtökum á meðan eldri nemendur bæta við orðtökum og flóknum setningum. Nemendur þurfa að æfa sig í spurningagerð með því að búa til „kennaraspurningar“ sem hjálpa til við að draga fram aðalatriðin. Byrjað er á því að lesa stuttar klausur og síðan er bætt hægt og rólega við og fengist við meira efni. Að lokum er áriðandi að þjálfar forspárþáttinn til að halda athyglinni vakandi við lesturinn og efla ferlið við því að tileinka sér efnið og skilja það.

Kennarinn á að vera nemendum fyrirmynd og sýna hvernig hægt er að nota aðferðirnar í tengslum við nám nemenda en ekki sem einangraða færniþætti. Þannig getur aðferðin verið virk í tengslum við ýmis fög og er stærðfræði þar ekki undanskilin (Anna Guðmundsdóttir, 2007).

Framsögn

Þegar nemandi hefur náð nokkrum tókum á lestri er tímabært að bæta við færni og huga að framsagnarþættinum. Góð framsögn veitir lesandanum öryggi og stuðlar að bættum lesskilningi auk þess að vera stór þáttur í miðlun texta (Aðalnámskrá grunnskóla: íslenska, 2007). Nemendur við skólann eiga þess kost strax í 1. bekk að fá þjálfun í flutningi á texta í tengslum við árshátíð skólans. Sú nálgun gefur þjálfuninni meira vægi og nemendur verða vitni að því hversu mikilvæg hún er.

Annar þáttur sem gefur færi á að styrkja og gera framsagnarþáttinn mikilvægan er *Stóra upplestrarkeppnin*. Grunnskólinn Ljósaborg hefur frá upphafi tekið þátt í þeirri keppni og miðar þjálfun í framsögn að því að allir nemendur skólans finni hjá sér áhuga og nægt sjálfsöryggi til þess að

taka þátt í henni innan síns skóla. Því þarf að huga vel að þessum þætti og byrja að þjálfna hann um leið og lestrarfærni nemandans leyfir. Þannig er hægt að stuðla að því að upplestur af hvaða tagi sem er verði ánægjulegur á að hlýða og nemandinn geti verið stoltur af.

Í 3. kafla er gerð grein fyrir framsetningu á matskvörðum sem settir eru fram á ferilsblaði í tengslum við framsögn og fylgir nemandanum á skólagöngunni.

RADDLESTUR Í SKÓLA OG HEIMA

Framkvæmd

Eins og kemur hefur fram í læsistefnu skólans er lestrarþjálfun og góð lestrargeta mikilvæg í námi barna og ungmenna. Við í Grunnskóla Ljósaborgar teljum því mikilvægt að setja þá þjálfun í markvissan farveg til að styðja kennara skólans, nemendur og foreldra í því starfi. Þjálfunin á að vera sameiginlegt verkefni skóla og heimilis og áherslur í takt við stöðu nemandans hverju sinni. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir megináherslum varðandi raddlestur (það að lesa upphátt) í skóla og heima.

Heimalestur á að eiga sér stað fyrir fullorðinn aðila og farið er fram á að *lesið sé í tíu til fimmtán mínútur í hvert sinn og sama blaðsíðan lesin eins oft og kennari leggur til hverju sinni*. Í byrjun er mikilvægt að lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum og stundum þrisvar og skal kennari ávallt gefa fyrirmæli um áherslur í þessu sambandi. Kvittunarhefti munu fylgja lestrarbókunum þar sem foreldrum eða fullorðnum aðila er gert að kvitta fyrir heimalesturinn. Þeir nemendur og foreldrar sem standa sig vel fá sýnilega umbun í kvittunarheftið. Viðmið fyrir ástundun eru skráð fyrir hvern mánuð og gefin einkunn sem birt er í námsmati. Tekið verður tillit til þeirra mánuða sem eru styttri í skólasókn eins og desember og páskamánuðurinn. Þá munu kennarar einnig kvitta fyrir í sömu hefti í hvert sinn sem nemandi les fyrir hann. *Fylgiskjal nr. 1* er dæmi um kvittunarhefti fyrir nemendur á yngsta stigi. Þótt þar birtist tveir mánuðir í skráningu eru þeir í raun hafðir þrjú og árið er þrískipt í þrjú lestrarhesta.

1.–4. bekkur

Í skólanum er leitast við að láta nemendur lesa tvisvar til þrisvar sinnum í viku fyrir kennara. Einnig er stuðlað að því að nemendur lesi að jafnaði einu sinni í viku í paravinnu eða í samlestri í stærri hóp. Til viðbótar kvittunarheftunum sem fara heim með lestrarbókunum eru skráningarblöð í gangi þar sem allir þeir sem hlýða á nemendur lesa kvitta fyrir. Þau gögn eru geymd í skólanum.

Skipti í mánuði	Einkunn/námsmat
20 skipti eða meira	Ágætt
15–19 skipti	Á góðri leið
14 skipti eða minna	þarf að þjálfna

5.–6. bekkur

Skipti í mánuði	Einkunn/námsmat
20 skipti eða meira	Ágætt
15–19 skipti	Á góðri leið
14 skipti eða minna	þarf að þjálfna

7.–8. bekkur

Skipti í mánuði	Einkunn/námsmat
10 skipti eða meira	Ágætt
6–9 skipti	Á góðri leið
5 skipti eða minna	Þarf að þjálfa

Ný hraðaviðmið

Eins og í öllu starfi þarf að setja sér markmið að stefna að. Í tengslum við lestrarþjálfun skólans verða sett fram ný hraðamarkmið fyrir hvern bekk sem spanna tölur á ákveðnu bili. Nemendur eru ekki allir mótaðir í sama farið og með þessu bili er komið til móts við mismunandi þroska og getu nemenda sem taka einnig mishröðum framförum á skólagöngunni. Hraðamarkmiðin urðu til eftir þó nokkra yfirlegu og athuganir á umfjöllun lestrarfræðinga og athugunum á markmiðum hjá öðrum skólum. Mest var horft til talna sem skóli á Suðurlandi styðst við og tekur mið af skráningum á árangri nemenda um nokkurra ára skeið (Rósa Eggertsdóttir, 1989; Lestrarstefna Vallaskóla, 2007).

Viðmið vegna atkvæðafjölda í lestri á hraðaprófi í Grunnskóla Ljósuborgar

Bekkur	Atkvæði á mínútu
1.	10–60
2.	50–110
3.	100–170
4.	160–210
5.	200–250
6.	250–300
7.–10.	300–350

Lestrarferfiðleikar

Alltaf er það svo að einstaka nemendur eiga í langvinnum erfiðleikum með lestrarnámið og einnig eiga einstaka nemendur í tímabundnum erfiðleikum, komast ekki yfir einhvern hjall í lestrarferlinu. Þegar einhver vandi er til staðar er mikilvægt að bregðast við honum sem fyrst og vinna með hann. Strax í leikskóla er farið að leggja fyrir próf (*Hljóm 2*) til að finna þá einstaklinga sem gætu átt við lestrarerfiðleika að stríða seinna meir. Þar er einnig leitast við að vinna með erfiðleikana (hljóðkerfisvitund) áður en eiginlegt lestranáam hefst í grunnskólanum.

Á fyrstu árunum í grunnskólanum er mjög vel fylgst með framvindu lestrarnámsins og þau matstæki sem við höfum eru bókstafskannanir, *Skimunarprófið Læsi* fyrir 1. og 2. bekk og hraðapróf. Nánar er gert grein fyrir þessum prófum í kafla 3. Þá eru *Samræmdu könnunarprófin* í 4. og 7. bekk einnig tæki til að meta stöðu nemenda og finna þá sem eiga í erfiðleikum.

Skólaskrifstofa Suðurlands sér um lestrargreiningar fyrir Grunnskólann Ljósuborg.

Á næstu blaðsíðu er sett upp í töflu hvernig lestrarerfiðleikar geta flokkast

Lestrarlíkan

Læsir góð umskráning góður málskilningur (miðað við aldurssvarandi texta)	Lestrarferfiðleikar 1 góð umskráning slakur málskilningur (lesskilningserfiðleikar)
Lestrarferfiðleikar 2 slök umskráning góður skilningur (verulegir umskráningarferfiðleikar dyslexía)	Lestrarferfiðleikar 3 slök umskráning slakur skilningur (dyslexía og annars konar lestrarvandi)

(Gough og Tunmer, 1986)

Þeir nemendur sem eiga í skilgreindum lestrarferfiðleikum þurfa oft á tíðum stöðuga aðstoð sem umsjónarkennarar og sérkennari ber að stuðla að. Nemendur í tímabundnum erfiðleikum þyrftu að eiga kost á aðstoð í afmarkaðan tíma með sérsniðnum verkefnum.

SKRÁNINGAR Á FERILSBLÖÐUM

Lestrarnám er ákaflega stór hluti í skólagöngu hvers nemanda og í því ferli öllu er mikilvægt að halda utan um allar upplýsingar sem aflast á löngum tíma. Einnig er nauðsynlegt að upplýsingarnar séu aðgengilegar og vel framsettar til þess að hægt sé að nota þær við mat á námsframvindu nemenda, bæði fyrir kennara, foreldra og ekki síst nemendurna sjálfa. Því höfum við kennarar í Grunnskólanum Ljósaborg þróað ferilsblöð þar sem markvisst eru skráðar upplýsingar sem safnast saman í lestrarnámi hvers nemanda og reynt að gera þau sem aðgengilegust. Markmiðið er að á ferilsblöð séu skráðar upplýsingar um lestrarnám frá því nemandi hefur skólagöngu í Grunnskólanum Ljósaborg, allt þar til skólagöngu hans lýkur. Ferilsblöðin eru tvenns konar. Annars vegar ferilsblað þar sem skráðar eru inn upplýsingar um þekkingu á bókstöfum, niðurstöður úr skimunarprófum og atkvæðafjöldi á hraðlestrarprófum. Sjá nánar á fylgiskjali nr. 2. Hins vegar ferilsblað þar sem skráðar eru niðurstöður úr framsagnarprófum. Sjá nánar á fylgiskjali nr. 3. Einnig er að finna hugmynd að matskvarða fyrir 2.–4. bekk, sjá fylgiskjal nr. 4.

Bókstafakönnun

Nauðsynlegt er fyrir kennara að þekkja stöðu nemenda sinna í lestrarferlinu þegar grunnskólanám þeirra hefst. Því er lögð fyrir bókstafakönnun strax á fyrstu dögum skólaársins. Þar er kannað hvort nemandi þekkir tákni, heiti og hljóð stórra og lítilla bókstafa. Sú könnun er lögð fyrir eins oft og þurfa þykir þar til fullvissa er fengin fyrir því að nemandi kunnir allt ofantalið.

Tímasetningarnar á bókstafakönnunum eru í ágúst, október eða nóvember og febrúar.

Skimunarprófið *Læsi*

Læsi er staðlað lesskimunarpróf, upphaflega samið í Noregi en þýtt og staðfært fyrir íslensk börn að tilstuðlan Menntamálaráðuneytis. Staðlað próf þýðir raunverulega það að sama prófið er lagt fyrir ákveðinn aldur nemenda á ákveðnum tíma árs og innihaldið er ávallt sambærilegt, þ.e.a.s. engin breyting er gerð á formi eða innihaldi milli ára. Undanfarin ár hafa þessi skimunarpróf verið lögð fyrir í Grunnskólanum Ljósaborg og unnið úr niðurstöðum þeirra í samvinnu við Skólaskrifstofu Suðurlands.

Markmið *Læsis* er að veita kennurum og foreldrum upplýsingar um stöðu nemanda svo unnt sé, í samstarfi við foreldra, að haga kennslu og lestrarþjálfun á þann hátt að nemandi hafi sem mest gagn af. Einnig getur það hjálpað kennurum að koma auga á vísbendingar sem gætu mögulega bent til

lestrarörðugleika þegar fram líða stundir. Mikilvægt er að átta sig á því að skimunarprófið segir ekki til um hversu langt nemendur munu ná í lestri heldur er eitt af meginmarkmiðum skimunarprófsins að hjálpa nemendum að bæta læsi, ekki einungis að finna út hver staðan er.

Prófið í 1. bekk er í þremur hlutum. Fyrsta prófið kannar undirstöðufærni sem þarf að vera til staðar þegar lagt er af stað í lestrarnám, annað prófið kannar hvernig nemandi gengur að umskrá tákni yfir í hljóð og orð. Þriðja prófið reynir svo meira á skilning og yfirfærslu yfir í ritun.

Prófið í 2. bekk er í tveimur hlutum og verður seinni hlutinn lagður fyrir tvisvar sinnum til þess að fylgjast betur með lestrarþróun nemandi. Fyrri prófið athugar m.a. þætti eins og umskráningu, greiningu á samsettum orðum og orðalestur en seinna prófið kannar mest lesskilning og það að ná merkingu út úr mismunandi textum.

Skimunarprófin Læsi eru lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk, þrisvar sinnum á skólaárinu, í nóvember, febrúar og maí.

Hraðlestur

Við námsmat í lestri er notað svokallað hraðapróf, sem er aldursmiðað og á að sýna fram á hvar nemandi er staddur í lestrarfærni miðað við aldur. Prófin sem lögð hafa verið fyrir í Grunnskólanum Ljósuborg eru unnin og gefin út af sérkennurum í Kópavogi.

Á fyrsta skólaárinu eru hraðlestrarpróf lögð fyrir tvisvar sinnum. Í febrúar og í maí ef nemendur eru tilbúnir til þess, annars bara í maí. Á öllum námsárum eftir það allt upp í 8. bekk eru lögð fyrir fjögur hraðlestrarpróf á hverju skólaári. Í ágúst er hraðlestrarprófað til þess að sjá stöðuna í upphafi skólaársins. Hin hraðlestrarprófin taka mið af skiptingu skólaársins sem hefur verið þrískipt og er þá hraðlestrarprófað við lok hvers tímabils í október eða nóvember, febrúar og í maí.

Reynt er að leggja fyrir sama próf í maí og ágúst og í október eða nóvember og í febrúar. Þannig er hægt að bera saman fjölda á lesnum atkvæðum yfir ákveðið tímabil og meta framvindu án þess að það gefi mjög skakka mynd.

Framsögn

Lestrarnámið á sér margar hliðar, ein þeirra er framsögn. Góð framsögn veitir lesandanum öryggi og bættan lesskilning auk þess að vera stór þáttur í miðlun texta. Grunnskólinn Ljósaborg hefur frá upphafi tekið þátt í *Stóru upplestrarkeppninni* og miðar þjálfun þessa námsþáttar að því að allir nemendur skólans finni hjá sér áhuga og nægt sjálfsöryggi til þess að taka þátt í henni innan síns skóla.

Strax í 2. bekk er lögð áhersla á að þjálfna nemendur í góðri framsögn sem felur í sér að lesa skýrt og greinilega, stoppa við punkta, lesa með tilliti til blæbrigða og túlkunar og að fram komi öll orð í texta. Þessir þættir eru einnig þjálfaðir og metnir 3. og 4. bekk. Matið fer fram í febrúar, ár hvert.

Á miðstigi bætast við fleiri matsþættir í samræmi við leiðbeiningar um mat á upplestri sem er að finna í *Handbók Stóru upplestrarkeppninnar*. Matsþættirnir í framsögn í 5. til 8. bekk eru því þessir: Líkamsstaða, raddstyrkur, framburður, tími og þagnir, blæbrigði og túlkun og samskipti við áheyrendur. Matið fer fram í febrúar, ár hvert. Góð ráð og tenglar fyrir kennara og foreldra:

Ýmis góð ráð

- ☺ Hvetjið barnið til að lesa sem mest því æfingin skapar meistarann.
- ☺ Betra er að lesa stutt á hverjum degi, í c.a. 10 mín., heldur en í langan tíma tvisvar í viku.
- ☺ Heimsækið og notið bókasöfn til að finna lesefni sem hæfir áhugasviði barnsins.
- ☺ Hættið ekki að lesa fyrir barnið þó það geti lesið sjálft.
- ☺ Athugið öðru hvoru hvort barnið skilur það sem lesið var, t.d. með því að ræða söguþráðinn eða spyrja spurninga.
- ☺ Gefið myndunum vægi með umræðum.
- ☺ Notið öll tækifæri sem gefast og glæðið áhuga á lestri, með því að nýta umhverfið, s.s. lesa á skilti og fl.

Áhugaverðar netsíður

Bæklingurinn Leggjum börnunum lið, sjá www.heimiliogskoli.is

Flokkaðir bókalistar, sjá www.borgarbokasafn.is

Lestrarörðugleikar, sjá www.lesum.khi.is

Gagnvirkt efni, sjá www.nams.is

LOKAORÐ UM LÆSISTEFNU

Þegar stefnan sem hér var sett fram var í vinnslu voru höfuðmarkmið hennar að hún gæti orðið gott vinnuplagg fyrir kennara skólans og upplýsandi fyrir foreldra og nemendur. Þá töldum við mikilvægt að koma henni í framkvæmd hið fyrsta. Að mati okkar sem unnum þessa stefnu teljum við að það hafi tekist og nú haustið 2010 liggja frammi gögn og útfærslur sem uppfylla þessi umræddu markmið. Við kynningu á verkefninu vorið 2010 fyrir kennarahóp Grunnskólans Ljósaborgar og leiðbeinanda þróunarvinnunnar, Ingvar Sigurgeirsson, kom ábending frá honum varðandi mikilvægi þess að hlúa vel að lesskilningsþættinum í lestrarkennslunni. Það að Ingvar staldrar við þann þátt kann að skapast af því að hann hefur ekki eins mikla fyrirferð og margir aðrir þættir í stefnunni. Hann er þó til staðar (sjá kaflann um Gagnvirkan lestur) en minna fer fyrir útfærslum á þessum þætti en mörgum öðrum varðandi athuganir á færni nemenda. Í umfjöllun um gagnvirkan lestur er hinsvegar alltaf gerð grein fyrir því hvernig kanna megi þá færni. Við létum það duga að svo stöddu sér í lagi þar sem von er á prófabanka fyrir lesskilning frá virtum kennurum sem við bíðum eftir með óþreyju. Sérstök eyðublöð fyrir þennan þátt gætu svo komið í kjölfarið þ.e. þegar að prófabankinn eru kominn í notkun. Að lokum viljum enn og aftur brýna að læsistefna á að vera lifandi stefna í sífellri endurskoðun og framþróun. Að þessu sögðu óskum við öllum kennurum til hamingju með nýju læsistefnuna og óskum þeim alls hins besta í kennslunni.

Heimildaskrá um læsistefnu

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti. (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska. (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Anna Guðmundsdóttir. (2007). *Lesið til skilnings. Kennarahandbók í gagnvirkum lestri.*

Reykjavík: Námsgagnastofnun. Sótt 20. janúar 2010 af:

www.namsgagnastofnun.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf

Anna Guðmundsdóttir. (2008). Gagnvirkur lestur. *Skíma 1:20–24.*

Engen, Liv. (2000). *Læsi – lestrarskimun. Hugmyndahefti. Þýðing og staðfæring á íslensku.*

Guðmundur B. Kristmundsson og Þóra Kristinsdóttir. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

- Gough P. B. og Tunmer W. E. (1986). Decoding, reading, and reading disability. *Remedial and Special Education*, 7:6–10.
- Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (1999). *Markviss málörvun*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hróbjartur Árnason. (2008). Hugarkort. *Skíma 1*:14–18.
- Indriði Gíslason og Guðmundur B. Kristmundsson (ritstj.). (1987). *Lestur – mál*. Reykjavík: Ritroð Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar.
- Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir. [án árs.] *Hljóm 2*. Reykjavík: Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf.
- Lestrarstefna Vallaskóla*. (2007). Selfoss: Vallaskóli. Sótt 10. nóvember 2009 af: www.vallaskoli.is/files/lestrarstefna_713064660.pdf
- Rannveig Lund og Guðlaug Einarsdóttir. (2010). „Læsi: Lesskilningur er meginmarkmiðið”. *Skólavarðan*, 2(10):22–24.
- Rósa Eggertsdóttir. (1998). *Fluglæsi*. Akureyri: Skólajónusta Eyþings.
- Rósa Eggertsdóttir. (2010). „Hvers vegna öll þessi málfræði?”. Fyrirlestur haldinn á ráðstefnunni Leiðin til læsis í Háskóli Íslands við Stakkahlið, 6. febrúar.
- Stóra upplestrarkeppnin*. (2010). *Handbók með leiðbeingum*. Hafnarfjörður. Sótt 20. janúar 2010 af: www.hafnarfjordur.is/.../leidbeiningarogfraedsluefni.htm
- Trausti Þorsteinsson. (2009). *Byrjendalæsi*, 3(3). Háskólinn á Akureyri. Sótt 10. nóvember 2009 af: http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/Blbladid/B_blad%20_3%20arg_3_tbl.PDF

ÚTIKENNSLAN

Sá hluti sem fer hér á eftir tengist útikennslu og þeir kennarar sem komu að þeirri vinnu voru Kristín Konráðsdóttir, Sigmar Ólafsson, Þórunn Ingvadóttir, Hilmar Björgvinsson, Guðbjörg Viðarsdóttir og Ingveldur Eiríksdóttir sem ritstýrði ritun hans. Réttara er að tala um útinám en útikennslu þótt það orð sé mun algengara í umræðunni. Jakob Frímann Þorsteinsson (2008) talar um útinám, og í því er lögð áhersla á að nemandinn sé virkur í ferlinu. Oftar en ekki er sá skilningur lagður í orðið kennslu að hún sé framkvæmd af kennara en námið er hlutur nemandans. Í útinámi er því lögð áhersla á virkni nemandans í náminu – og fleiri geta vissulega kennt en kennarar enda jafningjafræðsla oftar en ekki árangursrík.

Hvað er útinám?

Útinám lýtur engum öðrum lögmálum en önnur kennsla, nema síður sé. Hana þarf að undirbúa vel, verkaskipting og skipulag þarf að vera á hreinu og úrvinnslan þarf að vera fyrir hendi. Framkvæmd og skipulag þarf að vanda vel.

Eins og fram kom hér að ofan er um margt eðlilegra að tala um útinám en útikennslu. Hluti af tilganginum með útiverunni er að virkja nemandann, hjálpa honum við að tengjast umhverfi sínu, vera þátttakandi. Með því að færa sjónarhornið af kennslunni yfir á námið erum við búin að setja nemandann í forgrunn.

Samkvæmt Jakobi Frímanni Þorsteinssyni (2008) eru einkum tvö sjónarhorn uppi um eðli útináms; annars vegar upplifun nemandans í náttúrunni þar sem hann lærir um hana og í þágu hennar. Hins vegar er blandaðra sjónarhorn þar sem reynslan utandyra er notuð til þess að stuðla að almennum þroska einstaklingsins. Segja má að hér sé öllu blandað saman, upplifun, verndunarsjónarmiðum, útilegum og ævintýranámi.

Meginviðfangsefni útinámsins samkvæmt Jakobi eru að skilja vistfræðileg tengsl, þroska líkamlega færni og samskiptafærni og bæta tengsl nemandans við sig og aðra.

Norðmaðurinn Arne N. Jordet skilgreinir útinám þannig:

Útiskóli er það þegar hluti af kennslu skóla er fluttur út í nágrenni hans og reglulega unnin verkefni utan skólastofunnar. Í útiskóla hafa nemendur tækifæri til að nota öll skilningarvit sín og fá persónulega og beina reynslu af raunveruleikanum. Útiskólar veita nemendum tækifæri til athafna, á forsendum námsgreina, að þroskast og leika sér að sjálfsdáðum, finna til forvitni, ímyndunar, upplifunar og samkenndar. Í útiskólum samþættast námsgreinar og athafnir úti og inni sem inni eru nátengdar. Börn læra um raunveruleikann í raunveruleikanum, þ.e. um náttúruna í náttúrunni, um samfélagið í samfélaginu og um sitt nánasta umhverfi í sínu nánasta umhverfi (Jakob F. Þorsteinsson, 2008).

Stefna skólans

Allt frá því að Grunnskólinn Ljósaborg varð sjálfstæð eining hefur stefna í umhverfismennt verið að þróast og sýnin að skerpast. Í vetur hefur margt áunnist í þeim efnum.

Stefna Grunnskólans Ljósaborgar í umhverfismennt er þessi:

- Útinámssvæði verði þróað og nýtt við skólann.
- Umhverfisnefnd starfi við skólann.
- Skipulagðar vettvangsferðir sem allir nemendur skólans skuli fara í á sinni skólagöngu. Þessar vettvangsferðir verði með skýra vísun í námskrá árganga.
- Skólanámskrá Grunnskólans Ljósaborgar beri umhverfisstefnu skólans glögggt vitni.
- Nemendur fái markvissa fræðslu um umhverfismál, sjálfbæra þróun og gildi náttúruverndar fyrir hvert og eitt okkar sem erum hluti af svo dýrmætri heild sem jörðin okkar er.
- Að nemendur og starfsmenn flokki allt rusl og endurnýting verði hafin.
- Unnið verður að mótun umhverfisstefnu skólans og þar með framtíðarsýn hans og þessu komið á framfæri á vef skólans og í skólanámskrá.
- Útikennslusvæði skipulagt við skólann.
- Grenndarskógur. Skólinn verði kominn með land til ráðstöfunar fyrir trjárækt og matjurtaræktun 2012.
- Þrjú umhverfis dagar á ári í skólanum;
 - Dagur trjáræktar á vorin.
 - Dagur umhverfisins 25. apríl.
 - Dagur umhverfislistsköpunar á haustin.
- Aðilum grenndarsamfélagsins verði boðin þátttaka í umhverfisdögum og samstarfi komið á við aðila sem tengjast umhverfismálum og eða skólanum á einhvern hátt.
- Útikennsla verði eðlilegur þáttur í skólastarfinu.
- Samstarf verði við grenndarsamfélagið á sem fjölbreytilegastan hátt í tengslum við útiskólann.
- Rit um útikennslu og útikennslusvæði skólans verði unnið í tengslum við þróunarstarf á árunum 2010–2012.
- Útilistaverk afhjúpað.
- Grænfánanum flaggað.


Útinámssvæði

Eins og kemur fram í inngangi er skólanum ætlað að starfa í anda umhverfismenntar og því er mikilvægt að marka skólanum stefnu í þeim efnum. Það ætlum við að gera með því að þróa útiskólann og nýta hann m.a. til þess að vinna að stefnu skólans.

Margt af því sem nefnt er í kaflanum Stefna skólans er þegar komið á reksþöl. Skólinn er að feta sig í átt að grænfánanum og sveitarfélagið hefur tekið upp flokkun á sorpi og unnið er að því að auka umhverfisvitund nemenda. Fátt er öflugra meðal í þeirri vitundarvakningu en umhverfið sjálft. Með því að gefa nemendum ríkulegan kost á því að vera utandyra í námi og leik má auka virðingu þeirra fyrir náttúrunni og lífi hér á jörð.


Haustið 2009 hóf útiskólahópurinn störf í tengslum við námskeið sem í upphafi var kennt við fjölbreytta kennsluhætti í einstaklingsmiðaðri kennslu. Hópurinn ákvað að verkefni sem lagt var fyrir á námskeiðinu skyldi felast í stefnumótun um útikennslu sem tengjast skyldi skólanámskárgerð.

Í upphafi vinnunnar settust kennarar saman og fóru yfir þá þætti sem þeim fannst tengjast útiskóla yfirleitt og í áframhaldinu voru hugmyndirnar aðlagðar enn frekar að núverandi aðstæðum. Þær hugmyndir má sjá á mynd 1.



Mynd 1

Útinám felur í sér nánast óteljandi möguleika eins og sjá má á mynd 1 og nærumhverfi skólans er sannkölluð gullkista, full tækifæra til fjölbreyttra viðfangsefna og kennsluhátta. Þar er í forgrunni skólalóðin sjálf sem margan gimsteininn geymir en þar er verið að reisa skýli sem á að geyma tæki og áhöld auk þess að veita skjól. Ætlunin er einnig að nota þetta skýli í kennslu ýmissa greina. Fyrirhuguð er gerð skólaskógar með matjurtagarði og trjásafni. Útinámssvæði innan skólalóðarinnar sjálfar eða í tengslum við hana býður upp á fjölda möguleika nú þegar og í framtíðinni þegar vinna hefst við skólaskóginn.



Mynd 2

Skólaskógur

Skólinn hyggst koma upp skólaskógi á svæði utan hinnar eiginlegu skólalóðar. Upphaf þess starfs hefst með girðingu og gerð stíga. Þar verður komið upp safni algengra trjáteguna og runna sem ýmist verða nýtt sem skjólbelti eða til afmörkunar einstakra reita. Í skólakóginum verða árgangareitir þar sem hver árgangur setur niður tré og ræktar grænmeti. Innan skólaskógar verður skýli fyrir verkfæri og árlega verður skipulögð vinna við gerð göngustíga.

Skólalóð

Skólalóðin sem stendur í hraunjaðri Borgarhóls er sannkallað kjörland til náms út undir beru lofti. Þar má rekja hraunjaðar frá löngu útdauðri eldstöð hringinn í kring um byggðina á sjálfum hólnum. Þar er að finna skógarlund (Skógræktarfélagssins) með algengum trjátegunum, mosa, hraungrýti og fjölmörgum jurtum úr flóru Íslands að ógleymdri rjúpunni sem spígsporar í næsta nágrenni skólans og smáfuglana á vorin. Auk þeirra tækifæra sem náttúrulegt umhverfi skólans býður upp á með sínum brekkum, lundum og rjóðrum eru við skólann grasvöllur, gervigrasvöllur, körfuvöllur, klifurgrindur af ýmsu tagi og algeng leiktæki eins og rólur og fleira. Stéttarnar sem eru við inngang og á baklóð skólans eru kjörnar til mælinga ýmiss konar, leikja og uppsetninga lítilla leiksýninga svo eitthvað sé nefnt. Við eldstæðið sem staðsett er í námunda við skýlið skapast tækifæri til náms í heimilisfræði, ásamt verk- og listgreinum en skýlið nýtist bæði sem geymsla, skjól og námsstofa.

Nýting náttúruafurða

Grunnskólinn Ljósaborg leggur áherslu á að nemendur læri að nýta náttúruafurðir. Hægt er að gera það á fjölbreytta vegu og lán okkar er það að við erum staðsett í gjöfulasta landbúnaðarhéraði landsins. Auðvelt er að láta nám barnanna bera þess vitni. Aðalnámskrá grunnskóla leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að nemendur tengist umhverfi sínu á sem fjölbreyttastan hátt. Þar á meðal er

að nýta gjafir „Móður jarðar“. Möguleikar til þessa eru óteljandi og tengjast flestum eða öllum námsgreinum.

Leikur að berjum

Gott dæmi um vinnu sem tengist nýtingu náttúruafurða er berjatínsla. Steinsnar frá skólanum er ágætt berjaland með kræki- og bláberjum. Að fara til berja tengist ýmsum námsgreinum: Þannig tilheyrir skoðun á lögun lyngsins og mismunandi gerðum berja *náttúrufræðinni*. Saga – sögð eða rituð um berjamó tilheyrir *íslenskunni*, vegalengd mæld til berja eða þegar afraksturinn er settur á vog er meðal þátta *stærðfræðinnar* og þaðan er stutt í *heimilisfræði* þegar farið er að safta eða sulta. Að halda í för saman reynir á ýmsa þætti *lífsleikninnar*, t.d. tillitssemi og hjálpssemi. Að vinna listaverk úr lyngi og berjum eða lita tau, tilheyrir *textílmenn*. Að finna bók á safni eða ná í upplýsingar á vefnum umberin og móann er meðal færniþátta í *upplýsinga- og tæknimenn*.

Ullin

Annað gott dæmi um gjöf jarðarinnar er ullin og gengur ullarvinnsla eins og rauður þráður upp í gegnum alla námskrá í *textílmenn*. Vinna með ull gefur fjölmörg tækifæri til þess að læra um land og þjóð, menningu okkar og lífsbaráttu í gegnum aldirnar. Í Aðalnámskrá er áhersla lögð á að nemendur kynnist íslensku ullinni á fjölbreyttan hátt. Læri hvernig ullin hefur nýst íslensku þjóðinni gegnum tíðina, hvernig vinnslan fer fram (frá skepnu til nýtingar) og kynnist margs konar vinnu með ullina.

Þetta má meðal annars gera með því að fara í réttir og gefa nemendum tækifæri á að sjá og höndla óunna ull (ullarlagða), t.d. með því að heimsækja sauðfjárbónda í sveitarfélaginu. Nemendur ættu síðan að fá tækifæri til þess að vinna ullina og nýta hana. *Náttúrufræði, landafræði og sögu* er hæglega hægt að samþætta vinnu með ullina.

Vettvangsferðir

Fastar ferðir tengdar samkennslueiningum

Mikilvægt er að líta heildstætt á vettvangsferðaáætlun hvers árgangs þannig að heild myndist og allir nemendur fari áreiðanlega í þær ferðir sem þeim eru ætlaðar á þeim tíma sem það best hentar samkvæmt námskrá.


Á mynd 3 er tekið dæmi af nemanda sem fæddur er 2003 og hvernig má hugsa sér að ferðir raðist niður á hann. Þessi nemandi fer þá í þrjár lengri ferðir á fyrstu fjórum árunum og eina fjallgöngu auk þess sem hann kynnir sér byggingar í nærumhverfi skólans. Þær ferðir yrðu tengdar sjó, Þingvöllum og Reykjavík.

Á þeim átta árum sem hann er í Grunnskólanum Ljósaborg fer hann í þrjár fjallgöngur, þá á Mosfell með öllum skólanum, í annað sinn fer hann á Hestfjall og þegar hann er kominn upp í elsta stigið fer hann á Ingólfsfjall – en einnig mætti hugsa sér Búrfellsgöngu, en hún er miklu mun lengri ganga. Auk þess að ganga á Hestfjall í 5.–6. bekk fer nemandi í langa ferð í Borgarfjörðinn auk þess sem hann fer í langa útilegu til Þingvalla í seinna skiptið, e.t.v. í 8. bekk. Dagsferð í Þjórsárdal er í 7. bekk. Í 7.–8. bekk myndi hann ganga á Ingólfsfjall, fara að Skógum og í eina Reykjavíkurfærð sem yrði þá hin seinni þau ár sem hann er hér í skólanum – og væri hægt að sameina ferð yngri nemenda í bæinn. Auk þessa er ferð í virkjanir við Sog og Nesjavelli sem vegna staðsetningar okkar er ekki eins kostnaðarsöm og margar aðrar ferðir.

Síðan myndi þetta ganga koll af kolli þannig að hringekjan skilar því að allir nemendur fari í þessar ferðir sem einkum er skipt eftir eldra og yngra stigi.

Á mynd 3 eru lengri ferðir tilteknaðar, sem taka a.m.k. einn eða tvo daga. Aðrar ferðir sem tengjast nærumhverfinu geta hvort heldur sem er verið bundnar í námskrá viðkomandi bekkja eða verið tilfallandi.

Þær ferðir sem eru tilgreindar á mynd 3, eru fastar ferðir sem raða þarf niður á ár svo samfella myndist og allir fari í allar ferðir. Hugmyndir að ferðum um nærumhverfið má finna á mynd 3, en í umhverfi skólans eru nánast óþrjótandi uppsprettur hugmynda. Þær ferðir tengjast námskrá hvers árgangs eða samkenndu eininga en geta einnig verið tilfallandi. Leitast skal við að útbúa námsefnispakka sem hægt er að nýta aftur og aftur. Lagt er til að þeir verði geymdir í sérstökum skjalakössum en einnig vistaðir á sameign ef kennarar vilja útfæra þá á annan hátt – eða eftir því sem þeir eldast. Útiskólinn byggir á námi í skóla, í ferðinni sjálfri og að henni lokinni þegar komið er í skólann aftur. Námsmat fer fram jafnt og þétt og getur verið með ýmsu móti, tilgreint í námskrá hvers árgangs. Sjálfsagt er að safna gögnum sem markvissast til þess að góður verkefnabanki myndist svo vinna megi skipulega og markvisst að því að gera útiskólann að virkum hluta af skólalífinu Grunnskólans Ljósaborgar.



Mynd 3

Mismunandi tegundir vettvangsferða

Grunnskólinn Ljósaborg býr að því að vera afskaplega vel í sveit settur. Í næsta nágrenni hans eru margar helstu náttúruperlur Íslands auk fjölmargra sögustaða. Það er því hægt að bregða sér af bæ eina dagstund eða svo og vitja liðins tíma eða komast í nánd við lífríkið.

Eitt af markmiðum Grunnskólans Ljósaborgar er að nemendur skólans læri í náttúrunni um náttúruna, kynnist sögunni á söguslóðum og læri þar með að meta þá auðlegð sem þar býr betur og tengjast umhverfi sínu sterkari böndum. Ein besta leiðin til þessa er að nýta þá gullkistu sem umhverfi okkar hér er. Í fylgiskjali 5 má finna nokkra lista sem flokkaðir eru eftir viðfangsefnum sem nýta má við skipulagningu vettvangsferða.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir vettvangsferðum sem mögulegar eru héðan frá skólanum.

Flokka má ferðirnar í fjóra flokka;

1. Ferðir innan skólalóðar eða á staði sem eru í hjóla- eða göngufæri frá grunnskólanum.
2. Stuttar ferðir þar sem akstur er þó nauðsynlegur, dagpartur.
3. Dagsferðir.
4. Lengri ferðir þar sem dvalið er yfir nótt.

Nærumhverfi

Eins og fyrr segir er aragrúi tækifæra til þess að fara í stuttar ferðir út frá skólanum, þar sem nemendur og kennarar ganga á vit verkefna og dvelja dagpart eða lengur við nám og störf í nágrenni skólans. Kennarar eru hvattir til þess að fara út með nemendur sína sem oftast og sinna verkefnum úti við sem falla að námskrá hvorrar samkennslueiningar, þegar það best hentar. Kennarar halda til haga efni sem þeir nýta í útiskólanum og safna kennsluáætlunum, verkefnum og námsmati úr þessum ferðum á skipulegan hátt í Gullkistuna okkar svokölluðu.

Kirkjan á Stóru Borg er nýuppgerð en hún hefur staðið þar frá 1931 en áður var hún á Klausturhólum. Með ferð í kirkjuna gefst gott tækifæri til þess að fara með nemendur og kynna þeim kirkjusögu sveitarinnar, t.d. sögu Klausturhóla og nýta hana í trúarbragðakennslu. Ferð um sveitina þar sem kirkjur hennar eru sóttar heim er einnig allrar athygli verð enda saga hvorrar kirkju nátengd sögu fólksins sem þær hafa sótt í aldanna rás. Hver slík ferð er uppspretta fjölbreyttra viðfangsefna sem tengjast fjölda námsgreina á einn eða annan hátt.

Aðrar stofnanir sem skoða má hér á svæðinu sem heyra ekki undir sveitarfélagið beint eru t.d. Verslunin Minni Borg, Gamla Borg og ýmis önnur fyrirtæki sem eru starfrækt eða hafa verið starfrækt steinsnar frá skólanum. Mikilvægt er að nemendur kynnist fyrirtækjum í þeim tilgangi að gera þá meðvitaðri um samfélag sitt og atvinnulíf til sveita.

Sveitarfélagið rekur fjölbreytta starfsemi á staðnum sem sjálfsagt er að kynna nemendum. Stjórnsýsluhús, Félagsheimili, Íþróttamiðstöð, gámasvæði, hitaveita, vatnsveita og leikskóli eru allt stofnanir sem vert er að gefa gaum og kynna fyrir ungum íbúum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að nemendur kynnist eftir því sem við á í námskrá stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynnst starfi þeirra og þjónustu sem nauðsynleg er fyrir gesti og íbúa hvers sveitarfélags.

Fjölmargt annað er hér í nágrenninu tengt jarðfræði og sögu sveitarinnar, náttúrunni sjálfri og sjálfsagt er að nýta í útiskólanum.

Mannlíf

Í sveitarfélaginu eru ýmis félög, stofnarnir og fyrirtæki.

Mikilvægt er að nemendur kynnist á einhverjum tímamarki starfsemi félaganna, m.a. til þess að þeir átti sig á því hvað félögin hafi upp á að bjóða fyrir íbúa sveitarfélagsins og kynni sér samfélagslegt hlutverk þerra.

Samstarf

Sjálfsagt er að nýta sér þann auð sem býr í fólkinu í sveitarfélaginu og leita eftir stuðningi og fræðslu frá því. Þannig má færa samfélagið inn í skólann en einnig færa skólann út í samfélagið. Samstarf við fyrirtæki, félög, einstaklinga og t.d. Sólheima varðandi ýmis atriði geta falið í sér skemmtilegar fléttur.

Landsvirkjun, sagnapulir, bændur, fyrirtækjaeigendur, hugvitsmenn, golfvallastarfsmenn, starfsmenn sveitarfélagsins o.s.frv. o.s.frv. eru allt ótæmandi uppsprettur möguleika.

Dagsferðir

Stytttri vettvangsferðir í flokki nr. 2, eiga að setja svip sinn á skólastarfið og ætlunin er að nýta hina fjölmörgu sögustaði, mannvirki og náttúruferðir í næsta umhverfi skólans. Þar er af nógu að taka enda eru helstu sögustaðir Suðurlands innan 50 km radiusar frá skólanum. Fjölmörg náttúruferðir eru sömuleiðis allt um kring, auk virkjana við Sogið og á Nesjavöllum. Það er því margt hægt að fara og gera án þess að eyða miklu í ferðakostnað.

Í fyrstu verða tilgreindar hugsanlegar ferðir sem fara má í og þá er sjónum einkum beint að ferðum sem falla undir 2. og 3. lið. Stytttri ferðir eru gjarnan tilgreindar í námsvísunum viðkomandi árganga.

Stefnt skal að því að hver samkennslueining fari í tvær styttri ferðir með útiskólanum í nærumhverfi skólans (sjá hugmyndir á mynd 3). Þær skulu tilgreindar í árganganámskrá. Auk þeirra fer mikið starf útiskólans fram á skólalóðinni og vonandi í skólaskógi.

Auk þessa skal hafa í huga þau fjölmörgu söfn í héraði og annars staðar og leitast skal við að koma heimsókn á söfn inn í ferðaplan hvers árgangs, allt eftir áherslum hverju sinni. Þar má nefna, bókasöfn, listasöfn, byggðasafnið niður við strönd, Þuríðarbúð og fleiri og fleiri, hvort heldur er í héraði eða utan þess.

Fjallgöngur

Stefnt skuli að því að hver nemandi skólans fari í a.m.k. þrjár fjallgöngur á átta ára skólagöngu. Þegar gengið er á fjöll skapast einstök stemmning og hvergi gefst betra tækifæri til þess að fjalla um örnefni en einmitt þá. Fyrsta fjallið sem nemendur ganga upp á er Mosfell. Í þeirri ferð gefst upplagt tækifæri til þess að fara yfir landnámið og landnámsmenn sveitanna sem bera við af toppi fjallsins. Gott tækifæri gefst til þess að skoða fjallahringinn ef þannig viðrar og rifja upp sögur sem tengjast t.d. Skálholti.

Annað fjallið sem nemendur skólans ganga upp á er Hestfjall. Mikilvægt er að fá leyfi landeigenda áður en lagt er af stað en tvær uppgöngur koma helst til greina, önnur úr landi Vatnsness og hin úr landi Kiðjabergs. Af eyrum hestsins er frábært útsýni um allt Suðurland og einnig gefst gott tækifæri til þess að ræða jarðfræði en Hestfjall var í upphafi dyngja líkt og Skjaldbreiður. Umræður um önnur náttúruferðir og vinna þeim tengd er augljóslega kjörin því þau má flest sjá frá Hestfjalli.

Ingólfsfjall er þriðja fjallið sem nemendur ganga á, en það er gott fjall til uppgöngu og víðsýnt yfir sveitirnar til austurs ef gengið er fram á brún fjallsins þeim megin. Gott er að nemendur séu nokkuð komnir til vits og ára þegar gengið er þar upp og hafi lært að ganga í urð og bratta.

Búrfell er að sjálfsögðu kjörið fjall til uppgöngu líka en það er lengri ganga og krefst því annarrar skipulagningar, því ganga þangað upp tekur e.t.v. ívið meira í – og lengri tíma en hinar þrjár.

Ekkert er því til fyrirstöðu að nemendur skólans fari oftár upp á t.d. minni fjöllin tvö með þeim sem yngri eru.

Líkt og með aðrar ferðir safna kennarar gögnum til þess að geyma í Námsjóðnum þannig að með tímanum myndist digur sjóður sem hægt er að ganga í og nýta sér á fjölbreyttan hátt. Sjá upplýsingar á t.d. þessari slóð um Hestfjall og fleira.: <http://www.ismennt.is/not/hinni/lon/a/printpage.asp?id=28>

Söfn

Mikilvægt er að nýta söfn landsins á sem fjölbreyttastan hátt í skólagöngu hvers barns. Vert er að heimsækja sem flestar gerðir safna, hvort heldur bókasöfn, listasöfn, byggðasöfn eða söfn tengd náttúruvísindum svo sem eins og [Fræðasetrið í Sandgerði](#). Mörg önnur söfn er vert að heimsækja

bæði heima í héraði og í Reykjavík. [Byggðasafn Árnesinga](#) býður upp á marga áhugaverða muni og við ströndina má finna fleiri söfn auk þess sem fjaran við Stokkseyri er með þeim fallettri á landinu. Skólinn getur sömuleiðis lagt rækt við menningaruppeldi nemenda sinna með því að fara í leikhús, á tónleika og sótt listamenn heim.

Skemmtileg dagsferð er ferð austur að Skógum, þar sem hægt er að svipast um á gosslóðum, kynnst sögu lands og þjóðar í [Skógasafni](#), fara að Skógafossi, Seljalandsfossi og ef tími vinnst til vitja fornra kappá á Njáluslóðum. Sagan um Önnu á Stóru Borg geymir einnig fjölmarga möguleika til náttúruskoðunar.

Önnur ferð austur í sveitir býður upp á marga möguleika, en það er heimsókn í Þjórsárdalinn, í [Þjóðveldisbæinn](#) og ekki væri úr vegi að gá hvort [Gaukur gamli á Stöng](#) sé með heitt á könnunni! Ganga inn eftir Gjánni er upplifun sem gleymist seint.

Í Reykjavík eru fjölmörg söfn og þar eru margar helstu perlur menningar okkar geymdar. Hver nemandi ætti að fara a.m.k. einu sinni á skólagöngu sinni á Þjóðminjasafnið og alltaf er gaman að heimsækja Árbæjarsafn.

Reykjavík

Víða í námskrá Grunnskólans er fjallað um stjórnsýsluna og því er gagnlegt að nemendur heimsæki Alþingi og kynni sér helstu valdastofnanir landsins. Ferðirnar er hægt að nýta á marga fleiri vegu svo sem til þess að heimsækja helstu söfn landsins. Ekki er síður mikilvægt að nemendur sem ekki búa í höfuðborginni fái tækifæri til þess að kynna sér ýmis kennileiti hennar, miðbæinn, helstu byggingar, stytur bæjarins. [Höfuðborgin okkar](#) geymir margt sem gaman er að kynnst nánar. Með dagsferð til borgarinnar kynnst nemendur perlum hennar og margbreytileika. Möguleikarnir eru næsta endalausir til náms og afþreyingar.

Lengri ferðir

Hugmyndir að lengri ferðum má þróa á fjölbreyttan hátt og vissulega er hægt að lengja allar dagsferðir og gera þær að tveggja daga ferð hið minnsta. Fyrirkomulag lengri ferðanna getur einnig verið með ýmsu móti og í samstarfi við mismunandi aðila; Skáta, björgunarsveit, foreldra eða alfarið á vegum skólans svo dæmi séu tekin.

Hugmyndin að lengri ferðum er að nemendur fái betra tækifæri til þess að kynnst og takast á við náttúruna og vera saman undir öðrum formerkjum en vaninn er.

Hér verður komið með hugmyndir að tveimur lengri ferðum, annars vegar ferð til Þingvalla og hins vegar ferð á slóðir Snorra Sturlusonar.

Snorri Sturluson – miðaldahöfðingi

Um er að ræða tveggja daga ferð í Reykholt í Borgarfirði – gíst t.d. í Grunnskóla Borgarbyggðar, Kleppjárnsreykjum.

Farið er fram í Reykholt, þar sem uppgröftur er skoðaður. Fengin er leiðsögn um Snorrastofu, Snorralaus og staðinn.

Skemmtilegt er að fara fram í Húsafell og hitta bændur þar, m.a. Pál Guðmundsson listamann. Ekki er minna skemmtilegt að spreyta sig við Húsafellshelluna. Heimsókn að Hraunfossu og Barnafossi er ætíð ógleymanleg enda með fallettri vatnsföllum landsins með hrikalega sögu. Hægt er að fara í golf víða í dölum Borgarfjarðar og sundlaugar leynast þar víða, m.a. á Kleppjárnsreykjum og í Húsafelli. Jafnvel er hægt að fara að Norðurá að Glanna og Paradís eða tölta upp á Grábrók. Fjölmargar gönguleiðir eru í [nágrenni Bifrastar](#). Ekki má heldur gleyma Deildartunguhver, vatnsmesta hver landsins.

Ekki er úr vegi að kynna sér söguvið Eglu, líta við á Mýrum og upplifa landshætti sem nemendur eru orðnir svo kunnugir eftir vinnu tengdri Snorra Stulusyni. – Og þá er aðeins fátt eitt nefnt af perlum Borgarfjarðar.

Þingvellir

Það er stundum sagt að hægt sé að kenna alla íslensku með einni góðri smásögu. Hið sama má segja um Þingvelli. Það er fátt í Aðalnámskrá grunnskóla sem ekki er hægt að tengja með einum eða öðrum hætti við þann forna sögustað og einstöku náttúruperlu. Nokkra þessara möguleika má sjá á mynd 4.


Útiskóli Ljósaborgar á Þingvöllum

Hugmyndin sem liggur til grundvallar útiskóla á Þingvöllum er hin sama og með öllu útinámi. Leyfa nemendum að tengjast náttúrunni og upplifa hana frá fyrstu hendi og vinna um leið að fjölmörgum öðrum markmiðum Aðalnámskrár.

Ferðin getur verið farið hvort heldur er að vori eða hausti. Hér er gert ráð fyrir að fara í skólabyrjun, að allir nemendur skólans fari saman og dvalið sé í tvo daga í Þjóðgarðinum. Foreldrar eru meira en velkomnir með í ferðina ásamt starfsfólki en þeir hafa líkt og nemendur fengið góðan undirbúning og þekkja vel hlutverk sín í ferðinni en þeir eiga að vera virkir þátttakendur. Eldri nemendur eru hvattir til þess að koma með tjöld og sinn eigin útbúnað en sé þess ekki kostur er allt í lagi að láta fara vel um sig í ferðavögnum hinna fullorðnu.

Gert er ráð fyrir að farið sé til Þingvalla fjórða hvert ár, þannig að hver nemandi fari tvisvar sinnum á skólagöngu sinni í Ljósaborg í slíka ferð þar sem dvalið er yfir nótt. Verði skólinn gerður að heildstæðum grunnskóla er farið á þriggja til fjögurra ára fresti. Hver aldurshópur sinnir ákveðnum verkum á Þingvöllum sem tengjast námskrá. Viðfangsefni eru við hæfi mismunandi aldurshópa og nemendur hafa áhrif á nám sitt. Lögð er áhersla á að skapa notalega stemmningu, þar sem einfaldleikinn er í hávegum hafður og góður tími gefst til að upplifa og ígrunda. Undirbúningur fer fram í Ljósaborg og allir nemendur vita hverjar áherslurnar eru og til hvers er ætlast af þeim.

Nú er ferð af þessu tagi viðamikil og krefst mikils af öllum þeim sem í hana fara. Mikilvægt er að nemendur og kennarar hafi fengið reynslu af útiskóla og vinnulagi sem tengist honum og er því lagt til að ekki verði farið í þessa ferð fyrr en eftir að útinám er komið á góðan skrið í skólanum. Nemendur þurfa að kunna að umgangast náttúruna og bera virðingu fyrir þeim hættum sem þar leynast og kunna eitt og annað fyrir sér varðandi búnað og viðbrögð við, t.d. misgóðu veðri.



Mynd 4

Hugmynd að dagskrá I

9:00	Brottför	Lagt af stað frá Ljósuborg
	Undirbúningur:	Virkja foreldra til samstarfs og samveru í þessari ferð. Tala við skólabílstjóra en þeir þurfa að gera ráðstafanir til þess að koma farangri með. Skipuleggja þarf mat sem er á vegum skólans og skilgreina vel hvaða nesti nemendur þurfa að hafa með sér. Vera í góðu sambandi við starfsmenn mótuneytis og gaman væri að fá þá með. Nemendur hafa nesti ofarlega og tilbúið svo hægt sé að fá sér hressingu við komuna til Þingvalla. Athuga hvort eldri nemendur hafi hjól til umráða.
9:30	Koma til Þingvalla	Hressing
9:45	Undirbúningur:	Tjaldbúðir reistar á Leirum við Þjónustumiðstöð. Hafa þarf samband við Þjóðgarð og láta vita af komu okkar, fjölda og afhenda dagskrá. Fá móttöku frá starfsmönnum Þjóðgarðs. Nemendur hafa farið yfir umgengnisreglur og vita til hvers er ætlast af þeim. Skipuleggja sameiginlega eldunaraðstöðu og borðhald.
11:00		Ganga í Hvannagjá að Hrútalæk – samvera
12:00–		Hádegisverður
13:30		
13:30		Hópastarf – Ganga að Þinghelgi, foss, Almannagjá.
17:00		Hvíld
18:00		Kvöldverður
19:00		Kvöldvaka og samvera, ígrundun, miðlun.
22:00		Hvíld
		Dagur 2
8:00		Morgunverður – nesti undirbúið
9:00	Undirbúningur:	Gengið í Hrauntún og Skógarkot og þaðan niður að vatni. Þar bíður veiðiútbúnaður og sýnatökugræjur. Veiðiútbúnaður, búnaður til sýnatöku.
12.00		Hádegisverður
16:00		Skólabíll tekur mannskapinn og fer með inn að Leirum. Hressing og ígrundun. Hvíld
18:00		Hugað að heimferð.

Hugmynd að dagskrá II

9:00	Brottför frá Ljósuborg
9:30	Ganga á Arnarfell. Litið á bæjarstæðið. Yngri nemendur geta farið í Vatnskot og dvalið þar ef vill.
12:30	Koma að syðri Leirum og tjaldbúðir reistar
13:00	Hádegisverður og ígrundun og hvíld
14:00	Samvera og leikir
16:00	Hressing
16:30	Gengið inn Leirgötu og fjallahringurinn skoðaður auk gróðurs.
18:00	Kvöldmatur
19:00	Samvera og ígrundun
22:00	Hvíld

Dagur 2

8:00	Morgunhressing – hádegishressing undirbúin.
9:00	Gengið um Fögrubekki að Öxarárfossi og þaðan í Þinghelgina, Hak og heim að Þingvallabæ og kirkju
10:30	Hressing
Undirbúningur	Fá leiðsögn
12:30	Hádegishressing
13:00	Dvalið í Þinghelgi, heim við bæ, Fjósatún, tjarnir o.fl.
16:00	Skólabíll sækir nemendur austan megin Peningagjár
16:30	Hressing, ígrundun, hvíld
18:00	Hugað að heimferð
19:30	Vatnsvik – rennsli í Þingvallavatn – vatnið smakkað.

Tenging við Námskrá

Eins og áður er nefnt eru möguleikar til náms nánast óendanlegir á Þingvöllum og viðfangsefnin þar eru fleiri en svo að þeim verði gerð tæmandi skil á tveimur heimsóknum með nokkurra ára millibili. En með heimsókn til Þingvalla í útiskólanum er vonandi lagður grunnur að áhuga og ást á staðnum sem endist nemendum ævina út. Ekkert er því heldur til fyrirstöðu að fara í styttri ferðir og tíðari til Þingvalla.

Mynd 4 sýnir vel að möguleikarnir eru næstum ótæmandi og við hverja einustu blöðru má bæta nánast endalaust við.

Í fylgiskjali 6 má finna dæmi um verkefnablöð sem hægt væri að nota eða þróa í ferð sem þessa.

Hugmyndir um útbúnað



Mynd 5

Víst má telja að listi yfir það sem er gott að hafa með í ferð sem þessa er miklu lengri. Gott er fyrir skólann að þróa lista yfir búnað sem taka þarf með í lengri ferðir útiskólans. Ómissandi í ferð á Þingvelli eru ýmsar handbækur og nefna má sérstaklega bók Þórarins Eldjárns sem Námsgagnastofnun gefur út; Þingvellir, en hún er létt og lipur og íþyngir ekki göngufólki. Gott er einnig að hafa fleiri námsbækur með sem lesa má úr og skoða þegar ígrundun á sér stað. Kort eru einnig mikilvæg, gps og gamli góði áttavitinn er líka góður ferðafélagi. Hægt er að nýta ferðina til þess að kenna eldri nemendum á gps tæki og einnig hvernig megi nýta símana sem margir hverjir búa yfir þessum búnaði.

Sólheimar

Eitt af markmiðum skólans er að efla tengsl hans við nærsamfélagið á sviði umhverfismenntunar. Einn liður í því er samstarf skólans við Sesseljuhús, umhverfiseturs á Sólheimum. Sólheimar er sjálfbært samfélag þar sem rúmlega 100 einstaklingar búa og starfa saman. Það var Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir (1902 – 1974) sem stofnaði Sólheima árið 1930. Á heimasíðu Sólheima stendur m.a.:

Byggðahverfið Sólheimar leggur áherslu á ræktun manns og náttúru. Rekin er öflug félagsþjónusta á Sólheimum þar sem einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn er veitt tækifæri til atvinnu- og starfsþjálfunar, búsetu, félags- og menningarstarfs.

Fjölbreytt starfsemi fer fram á Sólheimum svo sem rekstur skógræktar- og garðyrkjustöðva sem báðar stunda lífræna ræktun. Verslun og listhús, kaffihús og gistiheimili. Fjöldi listvinnustofa er á Sólheimum svo sem kertagerð, listasmíðja, keramik, vefstofa, jurtastofa og smíðastofa. (Heimasíða Sólheima, 2010)

Á heimasíðu Sesseljuhúss stendur m.a. um starfsemina þar:

Sesseljuhús umhverfissetur er fræðslusetur um umhverfismál og sýningarhús um sjálfbærar byggingar. Sesseljuhús er staðsett í hjarta Suðurlands, að Sólheimum í Grímsnesi og þar fer fram alhliða fræðsla um umhverfismál. Í Sesseljuhúsi er meðal annars boðið upp á háskólanám fyrir bandaríska nemendur og valnámskeið fyrir nemendur Grunnskólans Ljósaborgar, sem er grannskóli Sólheima.
(Heimasíða Sesseljuhúss, 2010)

Samstarf skólans við Sesseljuhús hófst haustið 2006 með því að nemendur á yngsta stigi sýndu myndverk þar. Haustið 2007 var sett upp stór sýning í Sesseljuhúsi sem hét; *Náttúran og Orkan*. Allir nemendur skólans tóku þátt í henni.

Haustið 2008 var tekið nýtt skref í samstarfinu en þá byrjuðu nemendur í 8. bekk að fara á Sólheima í sérstakan námsáfangna sem ber yfirheitið *Sjálfbær þróun í sjálfbæru samfélagi*. Námið stendur yfir á haustönn og hluta af vorönn. Á haustönn er námskeiðið *Byggðahverfið Sólheimar*. Þar kynnst nemendur samfélaginu á Sólheimum og heimsækja hin ýmsu verkstæði. Nemendur eru síðan með kynningu og sýningu í nóvemberlok í Sesseljuhúsi á því sem þau gera á haustönninni. Á þessa kynningu fara allir nemendur skólans ásamt kennurum. Auk þess eru á kynningunni foreldrar og margir starfsmenn og íbúar Sólheima. Þegar kynningunni er lokið og fólk hefur skoðað sýninguna taka nemendur og starfsmenn skólans þátt í því þegar kveikt er á jólatré Sólheima og þar með hefjast aðventudagar þeirra.

Á vorönn hafa nemendur sótt námskeiðið *Sjálfbærni og samfélag manna*, þar sem umhverfismál eru í forgrunni. Nemendurnir fá fræðslu um sjálfbæra þróun og vinna verkefni um áhrif manna á umhverfið og þær takmarkanir sem umhverfið setur mannum. Fræðsla er um skóga og skógrækt, gróðurhúsin heimsótt, plöntur skoðaðar og fræðst um hlutverk býflugna í ræktuninni.

Samstarf skólans við Sesseljuhús styður bæði áherslur skólans varðandi náttúrufræði og umhverfismennt sem og tengsl skólans við nærsamfélagið sem er skólanum mikilvægt. Samstarf þetta hefur gengið mjög vel og verður í áframhaldandi þróun.

Upplifum náttúruna

Í tengslum við verkefni sitt um Þingvelli vann Ingveldur Eiríksdóttir lítið hefti sem hún kallar *Upplifum náttúruna*. Gert er ráð fyrir að hver bók dugi í 5 vettvangsferðir með útiskólanum og hver nemandi fái eina slíka bók að hausti og nýti hana í lengri ferðir sem hann fer í á vegum skólans. Bókin fer síðan í námsmatsmöppu að vori og hver nemandi kemur þá til með að eiga eina upplifunarbók fyrir hvert skólaár. Í Lutvann skólanum í Ósló eiga nemendur sérstaka náttúrubók sem notuð er í hinu vikulega útinámi en í hana skrá nemendur uppgötvanir og annað sem tengist hinum vikulega útiskóladegi (Lutvann skole, 2009). Gaman væri að þróa Upplifunarbókina þannig að hún næði yfir heilan vetur.

Heftið geymir m.a. myndir af ýmsum skýjamyndum frá Erni Óskarssyni, kennara í FSu. Selfossi sem góðfúslega leyfði að þær yrðu notaðar. Myndir eru í heftinu af mismunandi tegundum laufblaða sem teknar eru af plöntuvef Námsgagnastofnunar.

Nemendur læra smám saman að nýta sér bókina og þar með að orða upplifun sína og miðla henni þannig á árangursríkan hátt til annarra og öðlast þannig dýpri skilning á tengslum sínum við náttúruna. Hægt er að skoða bókina á þessari slóð:

http://notendur.hi.is/ingvars/Skolathroun/Ljosaborg/Upplifum_natturuna.pdf

Námssjóður

Mikilvægt er við undirbúning útináms að hafa í huga að ferlið er þrískipt. Í fyrsta lagi er það undirbúningur eða forvinna þar sem litið er til þeirra verkefna sem skal leysa eða viðfangsefna sem fengist verður við í útináminu. Þegar komið er inn í skóla þá hefst úrvinnsla gagna og nemendur velta fyrir sér því sem þeir reyndu og lærðu með fjölbreyttri nálgun bæði heima og í skóla (Jakob F. Þorsteinsson, 2008). Hafa verður í huga að oft tekur það nokkurn tíma fyrir útinám að skila sér á mælanlegan hátt og jafnvel er það þess eðlis að erfitt getur verið að mæla það með hefðbundnum prófum. Tími og frekari reynsla getur verið nauðsynleg til þess að upplifun nemandans skili sér og öðlist mikilvægi og verði honum til gagns (McComas, 2006).

Leitast skal við að útbúa námsefnispakka sem hægt er að nýta aftur og aftur. Lagt er til að þeir séu geymdir í sérstökum skjalakössum en einnig vistaðir á sameign ef kennarar vilja útfæra þá á annan hátt – eða eftir því sem þeir eldast. Útiskólinn byggir á námi í skóla, í ferðinni sjálfri og að henni lokinni þegar komið er í skólann. Námsmat fer fram jafnt og þétt og getur verið með ýmsu móti, tilgreint í námskrá hvers árgangs. Sjálfsagt er að safna gögnum sem markvissast til þess að góður verkefnabanki myndist svo vinna megi skipulega og markvisst að því að gera útiskólann að virkum hluta af skólastarfi Grunnskólans Ljósaborgar.

Verkefnabankann höfum við kosið að kalla Námssjóð og er hann þrískiptur; 1.–4. árgangur á sér sinn sjóð, 5. og 6. árgangur sinn og 7.–8. bekkur sömuleiðis. Hinn áþreifanlegi námssjóður er geymdur á vinnusvæði kennara og eru kennarar hvattir til þess að skila efni og hugmyndum í sjóðinn, sem og skoða hann reglulega og sjá hvað er í boði. Með hverju verkefni er skilað inn stutttri greinargerð (sjá fylgiskjal 10). Smám saman myndast sannkallaður fjársjóður verkefna sem nemendur og kennarar geta gengið í allt eftir efni og ástæðum hverju sinni.

Verkefnin geta verið misvel útfærð allt frá hugmyndum að fullmótuðum námsefnispökkum, sem fylgja kennsluleiðbeiningar auk námsmatshugmynda.

Lokaorð um útikennslu

Allt frá því að Grunnskólinn Ljósaborg varð sjálfstæður skóli með eigin yfirstjórn, hefur verið unnið markvisst að því að laga hann að þeim hugmyndum sem lagðar voru til grundvallar við stofnun hans, þ.e. einstaklingsmiðun og útinámi.

Eftir að hafa beint kastljósinu að einstaklingsmiðun kennsluhátta með sérstakri áherslu á námsmat fyrstu tvö árin fóru þræðir útiskólans að teygja anga sína innan um og saman við skólastarfið.

Sú vinna sem tekin er saman hér í þessum kafla hefur farið fram smám saman og telst góður grunnur að þróunarverkefninu „Til móts við náttúruna“ sem hófst formlega nú í haust með styrk úr Sprotasjóði.

Skólastarfið er nú þegar farið að mótast af auknum áherslum á útiskólann. Síðastliðið vor var vettvangsferðahringekjunni (sjá mynd 3) beitt í fyrsta skipti, þ.e. ferðum raðað niður á árganga samkvæmt þeirri röð sem þar er lögð til. Í haust fóru allir árgangar út og unnu fjölbreytt verkefni. Allir nemendur skólans og kennarar hans gengu á Hestfjall við almennan fögnuð. Þá hefur upplifunarbókin einnig verið notuð markvisst það sem af er vetri en allir nemendur skólans fengu afhent eintak nú í haust.

Undirbúningur kennslusvæðis utan dyra gengur vel, þeir Magni og Móði eru ungir að árum hér líkt og í Eyjafjallajökli en svo nefnast eldstæðin okkar tvö. Útinámsskýlið er óðum að taka á sig mynd og sögur berast af ferðum kennara og nemenda í næsta nágrenni þar sem sagan er upplifuð og náttúran skoðuð. Efni bætist því í Námsgjöðinn okkar jafnt og þétt.

Flokkun á sorpi gengur sömuleiðis ágætlega í skólanum og almennt heimilissorp hefur minnkað til mikilla muna og endurnýting pappírs gengur vel.

Af þessu má sjá að starfsfólk og nemendur Grunnskólans Ljósuborgar ganga ótrauðir „Til móts við náttúruna“ enda komnir vel á veg.

Heimildskrá um útikennslu

Jakob Frímann Þorsteinsson (2008, 25. maí). *Útinám.is*. Sótt 3. desember 2009, af Erindi-lectures: <http://www.utinam.is/files/2/20080827104720954.pdf>

Ingveldur Eiríksdóttir (2010). Verkefni unnið hjá Þorsteini Helgasyni í HÍ 2009.

Lutvann skole. (engin dagsetning). *Lutvann skole*. Sótt 7. desember, 2009, af Uteskole: <http://www.lutvann.gs.oslo.no/satsing/>

Sesseljuhús. Sótt 30. ágúst 2010 af: http://www.sesseljuhus.is/Template1.asp?Sid_NR=615&E_NR=587&VS=1VS1.asp&VT=636&VT2=615

Sólheimar. Sótt 30. ágúst, 2010 af: http://www.solheimar.is/template4.asp?Sid_NR=507&E_NR=479&VS=1VS1.asp&VT=507

MAT Á ÞVÍ HVERNIG TIL HEFUR TEKIST

Eins og sjá má af skýrslum hópanna telja þeir báðir að vel hafi miðað. Lestrarstefnuhópurinn telur að honum hafi tekist að leggja drög að góðu vinnugagni. Hugmyndir liggja fyrir um það hvernig áfram verður unnið og þá einkum að framkvæmd.

Hið sama gildir um útinámið. Raunar má segja að þar hafi verið gengið lengra, því ákveðið var að sækja um styrk í Sprotasjóð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í umsókninni var lögð áhersla á að markmið verkefnisins væri að auka fjölbreytni í námi og kennsluháttum með áherslu á náttúrufræði, umhverfismennt og list- og verkgreinar þar sem vinna ætti að eftirfarandi þáttum:

1. Að nýta náttúruna til útikennslu og til listsköpunar.
2. Að efla tengsl skólans við nærsamfélagið á sviði umhverfismenntunar.
3. Vinna að því að fá Grænfánann.

Afurð þessa verkefnis á m.a. að verða rit um útikennslu, útikennslusvæði og grenndarskóg Grunnskólans Ljósaborgar. Þegar þetta er ritað, haustið 2010, hefur styrkur fengist og er verkefnið komið vel á veg.

„Til móts við náttúruna“ er nú þegar farið að setja svip sinn á skóladagatal Ljósaborgar og heldur áfram að taka lit af auknum áherslum útiskólans. Fjallgangan á sér sinn dag í upphafi skólaársins, kennarar og nemendur hafa nýtt sér skólalóðina við leik og störf. Val eldri nemenda fer að hluta til fram utandyra, bæði útivistarval og umhverfismennt í samstarfi við Sólheima. Fleiri fasta daga sem má nefna er dagur íslenskrar náttúru, 16.september, réttardagur, dagur umhverfislistsöpunar í byrjun nóvember, dagur umhverfisins 25. apríl auk vordaga. (Sjá fylgiskjal 7).

Lögð hafa verið drög fyrir kennara að vinnuáætlun fyrir þróunarverkefnið, sem fyrirhugað er að ljúka vorið 2012 (sjá fylgiskjal 8). Hafinn er markviss undirbúningur að Grænfánanum. Fengnir hafa verið leiðbeinendur til þess að kynna og styrkja vinnu kennarahópsins í fjölbreyttum kennsluháttum útiskólans. Nú þegar hafa kennarar skólans fengið leiðsögn Guðmundar Finnbogasonar í glímunni við þá Magna og Móða. Fyrirhuguð er koma Jakobs F. Þorsteinssonar þar sem hann mun fjalla um gildi þess að leika, læra og þroskast úti. Skipulagðir hafa verið vinnufundir starfsmanna út skólaárið.

Reynsla starfsmanna af þróunarverkefninu *Fjölbreyttir kennsluhættir í einstaklingsmiðaðri kennslu* er jákvæð því hópnunum finnst sem hann sé kominn með tæki í hendur sem nýtast í skólastarfinu og gera það í senn markvissara og fjölbreyttara. Námskrá skólans ber nú þegar merki þeirrar vinnu sem að baki er og hún hefur auðveldað kennurum undirbúning og framkvæmd kennslu og námsmats.

Mat skólastjóra er að þróunarverkefni þetta hafi styrkt faglegt starf skólans og þjappað góðum starfsmannahóp enn betur saman. Það var ánægjulegt að sjá þann kraft og metnað sem einkenndi vinnu starfsmanna við læsistefnuna og útiskólaverkefnið. Með læsistefnunni hefur skólinn markað sér skýra stefnu til að vinna eftir og er hún góður vegvísir fyrir kennara og ekki síður fyrir foreldra varðandi lestrarkennslu skólans. Útiskólaverkefnið er mikilvægur þáttur til að auka fjölbreytni skólans í kennsluháttum og á næstu mánuðum munu nemendur og starfsmenn halda þeirri vegferð sinni áfram og stefna óhikað til móts við náttúruna. Skólastjóri þakkar starfsmönnum skólans fyrir frábæra og óeigingjarna vinnu við verkefnið tvö sem og Ingvari Sigurgeirssyni fyrir góða leiðsögn og þolinmæði.

Mat umsjónarmanns verkefnsins er að vinnan á þessu námskeiði hafi í raun farið fram úr væntingum. Skýrslur hópanna um þau tvö verkefni sem sett voru á oddinn bera vott um mikinn metnað og eru faglega vel gerðar. Miklu varðar að þær munu nýtast við áframhaldandi þróun skólafarsins. Ekki er að efa að kennarar við aðra skóla geta nýtt sér efni úr skýrslunum við eigin stefnumörkun.

Þróunarstarf sem þetta er þó aldrei vandalaust. Vandasamt getur reynst að sannfæra starfsmannahópin sem heild um að saman ætti að vinna að einu ákveðnu marki, þ.e.a.s. hvert förlinni sé heitið og hvaða leið skuli farin að þeim áfangastað. Við Grunnskólann Ljósaborg starfar fremur fámennur hópur sem getur haft ólíkar áherslur og skoðanir. Í upphafi var lagt af stað með þá hugsun að halda námskeið um fjölbreytta kennsluhætti þar sem hver og einn kennari gæti útfært þá þekkingu sem þar fengist í kennslu sinni. Jafn sakleysislega og það hljómar varð raunin þó sú að námskeiðið varð að þróunarverkefni, þar sem læsistefna var mótuð og grunnur lagður að útiskólanum. Ekki voru allir kennarar skólans endilega tilbúnir til þess að leggja á sig þá auknu vinnu sem fylgir óneitanlega þróunarverkefni, né heldur voru allir sammála um þörfina á því að leggja af stað í svo metnaðarfulla ferð. Það voru því ýmsir strengir sem þurftu stillingar við. En sameiginlegur áhugi og mat hópsins á nauðsyn þess að móta stefnu varðandi þessa þætti varð til þess að hindranir hurfu og sameiginleg sýn fékkst á verkefnið. Ánægjan í lok vinnunnar varð þess meiri þegar horft var til baka og séð að það sem álitíð var farartálmi reyndist kveikja að góðum lausnum og tækifærum til faglegrar umræðu. Sú umræða færði okkur nær því markmiði að vinna að skólaþróun þar sem nemendur og starfsmenn njóta fjölbreyttra kennsluhátta í einstklingsmiðaðri kennslu.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Kvittunarhefti fyrir nemendur á yngsta stigi

September					Október					Kennari kvittar
Dag	Bók	Bls.	Oft	Kvittun	Dag	Bók	Bls.	Oft	Kvittun	
1.					1.					
2.					2.					
3.					3.					
4.					4.					
5.					5.					
6.					6.					
7.					7.					
8.					8.					
9.					9.					
10.					10.					
11.					11.					
12.					12.					
13.					13.					
14.					14.					
15.					15.					
16.					16.					
17.					17.					
18.					18.					
19.					19.					
20.					20.					
21.					21.					
22.					22.					
23.					23.					
24.					24.					
25.					25.					
26.					26.					
27.					27.					
28.					28.					
29.					29.					
30.					30.					
					31.					
Ágætt Á góðri leið þarf að þjálf					Ágætt Á góðri leið þarf að þjálf					

Fylgiskjal 2. Ferilblað: Bókstafakönnun, skimun og hraðlestur

Nemandi: _____

Kennitala: _____

Bókstafakönnun	Dagsetning	Þekkir ták stórra og lítilla bókstafa	Þekkir heiti stórra og lítilla bókstafa	Þekkir hljóð stórra og lítilla bókstafa	Prófað af:
Bókstafakönnun í ágúst		Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	
Bókstafakönnun í okt./nóv.		Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	
Bókstafakönnun í febrúar		Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	Stórir stafir /32 Litlir stafir /32	

Læsi í 1.bekk	Dagsetning	Niðurstöður í atriðum	Niðurstöður í prósentum	Landsmeðalt. í prósentum	Prófað af:
Læsi 1.1				70,48%	
Læsi 1.2				80,48%	
Læsi 1.3				66,37%	

Læsi í 2.bekk	Dagsetning	Niðurstöður í atriðum	Niðurstöður í prósentum	Landsmeðalt. í prósentum	Prófað af:
Læsi 2.1				65,49 %	
Læsi 2.2				65,80 %	
Læsi 2.2				65,80 %	

Hraðlestur í 1.bekk	Dagsetning	Fjöldi lesinna atkvæða	Viðmið í atkvæðum fyrir 1.bekk	Prófað af:
Hraðlestur í febrúar				
Hraðlestur í maí				
Hraðlestur í 2.bekk	Dagsetning	Fjöldi lesinna atkvæða	Viðmið í atkvæðum fyrir 2.bekk	Prófað af:
Hraðlestur í ágúst				
Hraðlestur í okt. / nóv.				
Hraðlestur í febrúar				
Hraðlestur í maí				
Hraðlestur í 3.bekk	Dagsetning	Fjöldi lesinna atkvæða	Viðmið í atkvæðum fyrir 3.bekk	Prófað af:

Hraðlestur í ágúst				
Hraðlestur í okt. / nóv.				
Hraðlestur í febrúar				
Hraðlestur í maí				

Ferilblað: Bókstafakönnun, skimun og hraðlestur

Nemandi: _____

Kennitala: _____

Hraðlestur í 4.bekk	Dagsetning	Fjöldi lesinna atkvæða	Viðmið í atkvæðum fyrir 4.bekk	Prófað af:
Hraðlestur í ágúst				
Hraðlestur í okt. / nóv.				
Hraðlestur í febrúar				
Hraðlestur í maí				
Hraðlestur í 5.bekk	Dagsetning	Fjöldi lesinna atkvæða	Viðmið í atkvæðum fyrir 5.bekk	Prófað af:
Hraðlestur í ágúst				
Hraðlestur í okt. / nóv.				
Hraðlestur í febrúar				
Hraðlestur í maí				
Hraðlestur í 6.bekk	Dagsetning	Fjöldi lesinna atkvæða	Viðmið í atkvæðum fyrir 6.bekk	Prófað af:
Hraðlestur í ágúst				
Hraðlestur í okt. / nóv.				
Hraðlestur í febrúar				
Hraðlestur í maí				
Hraðlestur í 7.bekk	Dagsetning	Fjöldi lesinna atkvæða	Viðmið í atkvæðum fyrir 7.bekk	Prófað af:
Hraðlestur í ágúst				
Hraðlestur í okt. / nóv.				

Hraðlestur í febrúar				
Hraðlestur í maí				
Hraðlestur í 8.bekk	Dagsetning	Fjöldi lesinna atkvæða	Viðmið í atkvæðum fyrir 8. bekk	Prófað af:
Hraðlestur í ágúst				
Hraðlestur á haustönn				
Hraðlestur í febrúar				
Hraðlestur í maí				

Fylgiskjal 3. Ferilblað: Framsögn

Nemandi: _____		Kennitala: _____		
Framsögn í 2. bekk Dagsetning:	Ágætt	Á góðri leið	þarf að þjálf	Prófað af:
Les skýrt og greinilega		✓		
Stoppar við punkta		✓		
Les með tilliti til innihalds		✓		
Les öll orðin í textanum		✓		
Framsögn í 3. bekk Dagsetning:	Ágætt	Á góðri leið	þarf að þjálf	Prófað af:
Les skýrt og greinilega		✓		
Stoppar við punkta		✓		
Blæbrigði og túlkun		✓		
Les öll orðin í textanum		✓		
Framsögn í 4. bekk Dagsetning:	Ágætt	Á góðri leið	þarf að þjálf	Prófað af:
Les skýrt og greinilega		✓		
Stoppar við punkta		✓		
Blæbrigði og túlkun		✓		
Les öll orðin í textanum		✓		

Ferilblað: Framsögn

Nemandi: _____

Kennitala: _____

Framsögn í 5. bekk Dagsetning:	Ágætt	Á góðri leið	þarf að þjálf	Prófað af:
Líkamsstaða		✓		
Raddstyrkur		✓		
Framburður		✓		
Tími og þagnir		✓		
Blæbrigði og túlkun		✓		
Samskipti við áheyrendur		✓		
Framsögn í 6. bekk Dagsetning:	Ágætt	Á góðri leið	þarf að þjálf	Prófað af:
Líkamsstaða		✓		
Raddstyrkur		✓		
Framburður		✓		
Tími og þagnir		✓		
Blæbrigði og túlkun		✓		
Samskipti við áheyrendur		✓		

Ferilblað: Framsögn

Nemandi: _____

Kennitala: _____

Framsögn í 7. bekk Dagsetning:	Ágætt	Á góðri leið	þarf að þjálf	Prófað af:
Líkamsstaða		✓		
Raddstyrkur		✓		
Framburður		✓		
Tími og þagnir		✓		
Blæbrigði og túlkun		✓		
Samskipti við áheyrendur		✓		
Framsögn í 8. bekk Dagsetning:	Ágætt	Á góðri leið	þarf að þjálf	Prófað af:
Líkamsstaða		✓		
Raddstyrkur		✓		
Framburður		✓		
Tími og þagnir		✓		
Blæbrigði og túlkun		✓		
Samskipti við áheyrendur		✓		

Fylgiskjal 4. Hugmynd að matskvarða í framsögn

Ágætt – Nemandi sinnir þessum þætti nánast undantekningalaust þannig að falli að þeim markmiðum sem honum eru sett.

Á góðri leið – Nemandi sinnir þessum þætti oftar en ekki og sjaldan verður misbrestur á. Þennan þátt er þó hægt að bæta og skal að því stefnt.

Þarf að þjálf – Þó nokkuð vantar upp á að nemandi geri þetta og þarfnast þessi þáttur því verulegrar þjálfunar í framhaldi af þessu námsmati til þess að betur megi fara.

Útskýringar á matsþáttum í framsagnarprófum í 2., 3. og 4. bekk.

Les skýrt og greinilega

Framburður

Framburður þarf að vera skýr og greinilegur þannig að öll orð megi heyrast. Mikilvægt er að talfæri hreyfist vel svo ekki verði úr muldur.

Stoppar við punkta

Flestum hættir til þess að lesa of hratt þegar texti er lesinn upphátt eða fluttur frammi fyrir hópi. Því er mjög mikilvægt að lesendur temji sér strax notkun punkta til þess að geta notað þá til þess að hægja á sér og ná réttri öndun og eðlilegu hljómfalli.

Blæbrigði og túlkun

Hér er horft til þess hvort lesari nýtir sér merkingu textans og les af skilningi um leið og hann beitir ólíkum blæbrigðum í rödd til þess að ná fram ákveðinni túlkun.

Les öll orðin í textanum

Mikilvægt er að ekki falli út stafir, orð, endingar orða eða setningar þegar texti er fluttur eða lesinn. Það hefur bæði áhrif á merkingu textans og samskiptin við þá sem á hlýða.

Útskýringar á matsþáttum í framsagnarprófum í 5., 6., 7. og 8. bekk.

Líkamsstaða

Lesari kemur sér vel fyrir áður en hann byrjar og fer sér að engu óðslega. Hann þarf að standa beinn og í báða fætur, draga andann djúpt og horfa fram. Hangandi eða slöpp staða kemur niður á lestrinum.

Raddstyrkur

Röddin þarf að berast út í hvert horn stofunnar. Góð öndun og stuðningur frá gólfi og magavöðvum skiptir máli. Til þess að röddin berist þarf að anda djúpt og finna hljóm raddarinnar. Spenna eða klemma í hálsi dregur úr raddstyrk og hefur slæm áhrif á tónfall.

Framburður

Þegar talað er yfir stóran hóp þarf að kveða fastar og skýrar að en þegar talað er við fáa eða lesið úr sæti í skólastofu. Til þess þarf að hreyfa talfærin svo að sjáist. Þeim sem vanir eru að tuldra kann að virðast sem hreyfingar verði ýktar en svo ætti ekki að vera. Í þessu þarf hver og einn að leita jafnvægis, en miða má við að munnhreyfingar sjáist það vel að heyrnardaufur maður geti haft stuðning af vörum til að heyra það sem sagt er.

Framburður þarf að vera vandaður og svo skýr að hvert orð skiljist. Í vönduðum framburði er gert ráð fyrir ýmsum eðlilegum samlögunum og brottföllum hljóða. Sérhljóð þurfa að vera rétt mynduð og öll þau samhljóð skýr sem eðlilegt er að heyrist í vönduðu samfelldu talmáli. Áherslur og tónfall þurfa að vera rétt og eðlileg miðað við merkingu og túlkun lesmálsins.

Tími og þagnir

Góður upplesari þarf að gefa sér tíma til að koma merkingunni til skila. Börnum hættir mjög til að lesa

of hratt þegar þau lesa upphátt. Nemandi sem les of hratt fyrir aðra hefur enga möguleika á að koma til skila blæbrigðum í textanum, hann hefur ekki tíma til að setja þagnir og áherslur og öll framsögn og samskipti við áheyrendur fer í handaskolum. Mikilvægt er að upplesari gefi sér tíma til að setja þagnir á réttum stöðum eða hægja á lestrinum þar sem það á við. Kennari þarf iðulega að ítreka við nemendur að lesa hægar. Þá er eins og margt annað komi af sjálfu sér.

Blæbrigði og túlkun

Lestur þarf að vera í samræmi við textann. Upplesari þarf að lesa af skilningi og miðla honum á einlægan en hófstílltan hátt til áheyrenda. Hér skiptir mestu að lesari skilji efnið til hlítar og flytji áheyrendum þann skilning. Blæbrigði í lestri geta oft ráðið úrslitum um hvort og hvernig áheyrandi skilur það sem sagt er. *Ástæða er til að vara sérstaklega við að oftúlka ekki textann með upphöfnum lestri eða leikrænum tilburðum.* Slíkur flutningur hentar ekki hinum ungu upplesurum og er ekki í samræmi við markmið keppinnar.

Samskipti við áheyrendur

Áður en upplestur hefst þarf upplesari að gefa sér tíma til að líta framan í áheyrendur sína svo þeir finni strax að talað sé til þeirra. Gefa þarf gaum að öllum salnum, jafnt þeim fremsta sem hinum aftasta. Lesari skyldi alltaf hafa þann í huga sem aftast situr, það gefur lestrinum meiri kraft. Gott er að líta upp við og við meðan lesið er – og alltaf að lestri loknum. Góð samskipti við áheyrendur verða til þess að þeir fylgjast betur með og lesturinn verður blæbrigðaríkari.

Fylgiskjal 5. Nokkrir listar sem nýta má við skipulag vettvangsferða

Náttúrufríbærir

Fossar
Ár
Lækir
Stöðuvötn
Tjarnir
Fjöll
Eldstöðvar
Hverir og laugar
Skógar
Eyjar

Náttúrufríbærir í nærumhverfi

Sögustaðir

Þingvellir
Haukadalur
Skálholt
Úlfjótswatn
Klausturhólar
Sólheimar
Landnám
Kirkjur
Laugarvatn

Virkjanir

Heimavirkjanir
Búrfell
Sogsstöðvar
Nesjavellir
Hellisheiðavirkjun

Samstarf

Kvenfélag
Skátar
Björgunarsveit
Lions
Kiwanis
Forvarnarsamtök
Atvinnurekendur
Skólar
Laugarvatn
Flóaskóli
Bláskógabyggð
Eldri borgarar
Leikskóli

Dýralíf

Fuglar
Húsdýr
Villt spendýr
Fiskar
Smádýr ýmis konar

Gróður

Flóra Íslands
Gróðurhús
Garðyrkjustöðvar
 Hæðarendi
 Ártangi
Ræktað land
 Akrar
 Tún
 Nytjaskógar

Fylgiskjal 6: Verkefnaspjöld sem vinna má í ferð til Þingvalla

Skötutjörn

Skammt frá Þingvallabænum er tjörn sem heitir Skötutjörn og úr henni Skötugjá. Sumir segja að tjörnin beri þetta nafn vegna þess að hún sé lík skötu í laginu og er gjáin þá eins og hali skötunnar.

Þjóðsagan um tjörnina útskýrir nafnið á annan hátt:

Einu sinni náði Skötugjá alveg undir eldhúsið á Þingvallabæ. Hlemmur var á eldhúsgólfinu yfir gjánni. Hægt var að opna hlemminn og veiða silung upp úr gjánni. Veiðin var óþrjótandi, alltaf veiddist silungur þegar færi var dýft í gjána úr eldhúsinu. Hins vegar var sú kvöð á að aldrei mátti veiða meira en það sem þurfti í næstu máltíð. Svo kom nýr ábúandi að Þingvöllum. Sagt var að hann væri bæði illur og ágjarn. Hann vildi græða á veiðinni í gjánni. Hann opnaði því hlemminn í eldhúsgólfinu og settist við að veiða. Hann veiddi og veiddi, dag og nótt. Margir reyndu að vara hann við og segja honum að þetta mætti hann ekki en hann lét sig það engu skipta og veiddi hvern silunginn á fætur öðrum. Svo gerðist það loks að bitið var óvenju fast í færið. Maðurinn togaði af miklum krafti og dró loks upp úr gjánni stóra og ljóta skötu með sjö eða jafnvel níu hala. Búandinn varð dauðhræddur og þess fullviss að þarna væri kölski sjálfur kominn í skötulíki. Hann kastaði því færinu með öllu saman í tjörnina sem síðan er kölluð Skötutjörn. Eftir þetta hefur engin veiði verið í Skötutjörn eða -gjá.

Af nams.is

Hér er á ferðinni þjóðsaga sem tengist Þingvöllum.

Hver heldur þú að sé boðskapur sögunnar?

Af hverju mátti bóndinn ekki veiða eins og hann lysti?

Heldur þú að þessi þjóðsaga gæti verið sönn? Af hverju?

Kannaðu umhverfi tjarnarinnar og teiknaðu tjörnina upp í upplifunarbókina þína.

Sérðu eitthvað líkt með tjörninni og skötu?

Þingvallabærinn

Aflaðu þér upplýsinga um Þingvallabæinn.

Hvenær var hann byggður og af hvaða tilefni?

Hvaða arkitekt hannaði hann?

Hvaða önnur hús teiknaði sá arkitekt?

Hefur þú áhuga á húsbyggingum? Þá getur þú aflað þér frekari upplýsinga um þennan arkitekt og tekið saman verkefni um húsin hans og byggingarstíl hans.

Hvar leitaði hann fanga?

Hvaðan fékk hann hugmyndir sínar?

Af hverju heldur þú að Þingvallabærinn sé eins og burstabær í laginu?

Hefur hann tekið einhverjum breytingum?

Getur þú e.t.v. fundið myndir af bænum frá mismunandi tímum?

Til hvers heldur þú að hann hafi verið byggður?

Hvernig hefur hann verið nýttur í gegnum tíðina?

Hvernig heldur þú að sé best að afla sér þessara upplýsinga?

Eru kannski fleiri en ein leið til þess?

Í útiskólanum getur þú sest niður í græna laut og teiknað bæinn og jafnvel ímyndað þér hvernig er innan dyra, heldur þú að það sé kannski hægt að gægjast inn? Ja hver veit!

Þingvallakirkja

Hver er saga kirkjunnar á Þingvöllum?

Hefur verið lengi kirkja á Þingvöllum?

Hvenær var þessi kirkja byggð og hver byggði hana?

Finnst þér kirkjan vera hæfileg að stærð eða hefðir þú búist við stærri kirkju á Þingvöllum? Af hverju?

Hver er prestur á Þingvöllum?

Hverjir mæta í messur á Þingvöllum?

Leitaðu upplýsinga um kirkjuna og skráðu hjá þér.

Í útiskólanum getur þú skoðað kirkjuna og forvitnast frekar um sögu hennar.

Svipastu líka í kringum þig fyrir utan kirkjuna. Þar má sjá stein fyrir framan hana sem hefur verið óralengi þar, hver er saga hans?

Ekki langt frá kirkjunni er Klukkuhóll, afhverju heldur þú að hann heiti það? Getur þú fundið hann?

Það gæti líka verið gaman að teikna kirkjuna að utan eða innan.

Þú gætir líka sett upp ljósmyndasýningu sem tengist kirkjunni, umhverfi hennar og munum.

Kristni

Kristni var lögtekin á Þingvöllum árið 1000.

Það er einn stærsti viðburðurinn í sögu lands og þjóðar.

Af hverju heldur þú að svo sé?

Hvað var svona merkilegt við það að Íslendingar urðu kristnir?

Þú getur kynnt þér kristnitökuna í bókinni Þingvellir eftir Þórarinn Eldjárn og í bókinni Sögueyjan.

Að hvaða niðurstöðu hefur þú komist um mikilvægi kristnitökkunnar?

Hvernig finnst þér lausn Þorgeirs Ljósvetningagoða?
Hvernig hljómaði tillaga hans?

Hvar heldur þú að hann hafi verið goði?
Getur þú fundið staðinn á korti?

Af hverju heldur þú að Ólafur Tryggvason Noregskonungur hafi viljað að Íslendingar yrðu kristnir?

(Stuðst við Þórarinn Eldjárn, 2008)

Kristni og heiðni

Hver er munurinn á kristni og heiðni?

Ímyndaðu þér að þú sért heiðinn höfðingi á Alþingi árið 1000.
Þú hittir þar fyrir annan höfðingja sem er kristinn.
Þið takið tal saman og farið að tala um trúmál.

Hvernig heldur þú að þær samræður hefðu getað hljómað?

Kynntu þér muninn á þessum trúarbrögðum. Fáðu einhvern til þess að vinna verkefnið með þér og búið til lítinn leikpátt þar sem þið færið rök fyrir því að hinn nýi siður, kristnin, skuli ekki tekin upp - eða öfugt.

Er ekki upplagt að flytja leikpátt á kvöldvöku í útiskólanum á Þingvöllum? Eða hreinlega í einhverri búðinni í Þinghelginni?
Kannski gera stuttmynd eða ljósmyndasögu í símanum?

Þú getur líka útbúið verkefni í skólanum (sjá hugmyndir um útfærslu áhugasviðsverkefna) þar sem þú fjallar um heiðna trú eða berð hana saman við kristna trú.

Alþingi

Stór hluti af sögu Þingvalla er Alþingi.
Nú skaltu leggjast í rannsóknir á Alþingi og um hvað það
snérist í upphafi Íslandsbyggðar og fram á 13. öld.

Hvað er líkt með Alþingi í þá daga og nú?
Af hverju urðu Þingvellir fyrir valinu sem þingstaður?
Hver var munurinn á löggjafarþingi og dómsþingi?
Hvað er þingstaður? Hvar heldur þú að hann hafi verið á
Þingvöllum? Hvar hefðir þú haft hann? Af hverju?
Hvað var gert á Þingvöllum á þingtímanum?
Hve lengi stóð þingið?
Hvernig fór um fólk þennan tíma
þegar engin fellhýsi voru til?
Af hverju heldur þú að Alþingi hafi verið flutt frá Þingvöllum
til Reykjavíkur?

Ímyndaðu þér lífið á þingi. Ímyndaðu þér að þú sért
fréttamaður að segja frá því sem fram fer.

Þú getur líka sett þig í spor barns sem fór með föður sínum á
þing og er að segja mömmu sinni frá ferð sinni eftir að heim
kemur.

Skoðu þig vel um á Þingvöllum, skráðu hjá þér og tengdu við
það sem þú veist um Alþingi.
Hvernig heldur þú að lífið hafi gengið fyri

Fylgiskjal 7: Skóladagatal ársins 2010–2011 þar sem umhverfis- og útivistardagar eru merktir með fjólubláu.

Skóladagatal 2010 - 2011

Nafn skóla: **Grunnskólinn Ljósaborg**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F Hautspjng - starfsdagur	1 M	1 M Fullveldisdagurinn	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M Skólaslit
2 M	2 F	2 L	2 Þ Dagur umhv. listakpunnar	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F Uppstigningardagur
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F Starfsdagur
4 M	4 L	4 M	4 F Starfsdagur	4 L	4 Þ Starfsdagur	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F brettándinn	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M Starfsdagur
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M Bolludagur	7 F	7 L	7 Þ Starfsdagur
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ Vetrarsamtöl	8 Þ Sprengidagur	8 F	8 S	8 M Starfsdagur
9 M	9 F Hautsamtöl	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M Öskudagur	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F Hautsamtöl	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 M	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Hvítasunnudagur
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M Árs hátíð x2	13 F	13 M Annar í Hvítasunnu
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M Vetrarfrí	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ Vetrarfrí	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M Starfsdagur	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M Vetrarfrí	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ Starfsdagur	17 F	17 S	17 M	17 F „Litlu jól“	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M Starfsdagur	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F Starfsdagur	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F Skólasetning	20 M Seljatvítr	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F Skírdagur / 1. sumardagur	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F Föstudagurinn langi	22 S	22 M
23 M	23 F Samr.k.pr.Ísl. 4./7.b	23 L	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M Starfsdagur	23 F
24 Þ	24 F Samr.k.pr.Stæ 4./7.b	24 S	24 M	24 F Aftangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 S Páskadagur	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Jóladaur	25 Þ	25 F	25 F	25 M Annar í Páskum	25 M	25 L
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ Dagur umhverfisins	26 F Vordagur	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F Vordagur	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F Hautspjng - kennsla	30 L	30 Þ	30 F	30 S			30 L	30 M Vordagur	30 F
31 Þ		31 S		31 F Gamlársdagur	31 M Starfsdagur			31 F	31 Þ Vorsamtöl	

Vinnuáætlun í þróunarverkefni

Viðfangsefni/ Verkpáttur	Hvað – þarf að gera/ – á að gera/?	Hverjir koma að verkinu?
Umhverfisstefna	Ljúka við mótun hennar með framtíðarsýn í huga og henni komið á framfæri í skólanámskrá og vef skólans.	Starfsfólk
Skólanámskrá	Umfjöllun í almenna hlutanum. <ul style="list-style-type: none"> • Umhverfisstefnan • Umhverfismennt • Vettvangsferðir • Útinám/útiskóli Umfjöllun í bekkjarnámskrám. <ul style="list-style-type: none"> • Viðfangsefni sem tengjast náttúru- og umhverfismennt • Viðfangsefni sem tengjast grenndarsamfélaginu. • Viðfangsefni í list- og verkgreinum • Þáttur útináms sem kennsluaðferð í öðrum námsgreinum. 	Starfsfólk, foreldrar, nemendur
Grenndarsamfélagið	Þátttaka og samstarf við aðila úr grenndarsamfélaginu. <ul style="list-style-type: none"> • Nota t.d. umhverfisdaga eða vordaga. • Réttardagurinn • Samstarf við Sesseljuhús. • Bjóða aðilum í heimsókn. • Vettvangsferðir • Alviðra • Samstarf við aðra skóla (Þjórarsk./Flóask./Flúðask.) 	Starfsfólk, foreldrar, nemendur og aðrir í grenndarsamfélaginu
Útinám	Útinám sjálfsagður þáttur í skólastarfinu. <ul style="list-style-type: none"> • Í haust hefur útinámi verið vel sinnt og er að vinna sér sess þótt ekki séu fastir tímar í töflu. • Mjög gott rit um upplifun í gegnum útivist/útinám hefur verið unnið af Ingvaldi Eiríksd. og tekið í notkun í haust. • Námsgjóður er að verða til, mikilvægt að skrá á eyðublaðið hvernig verkefni eru unnin og notuð svo þau nýtist áfram 	Starfsfólk og nemendur

Vettvangsnám /ferðir	<p>Í almenna hluta skólanámskrár er fjallað um vettvangsferðir.</p> <ul style="list-style-type: none"> Sá kafli er úr riti/starfsáætlun útiskólahópsins og er langt kominn í vinnslu og nokkuð í framkvæmd. <p>Í bekkjarnámskrá þurfa að vera skýrar vísanir í vettvangsferðir og skipulag þeirra.</p> <ul style="list-style-type: none"> Hér þurfa kennarar að athuga hvort og hvernig þessu er háttað í námskrá. 	Starfsfólk, foreldrar og nemendur
Fræðsla/námskeið	<p>Stuðla að því að nemendur fái markvissa fræðslu um umhverfismál, sjálfbæra þróun og gildi náttúruverndar.</p> <ul style="list-style-type: none"> Þetta þarf að birtast í námskrá. Í haust hafa allir nemendur fengið fræðslu um flokkun og endurvinnslu á sorpi og framkvæmd þess í skólanum. Sjálfbær þróun er stór þáttur í námskeiði nemenda í 8. bekk sem fram fer á Sólheimum. Í 7. og 8. bekk hefur verið unnið námsefni sem tengist loftslagsmálum. Í 3. og 4. bekk er unnið með námsefni frá Sorpu. 	Starfsfólk, nemendur og aðrir aðilar, t.d. úr grenndarsamfélaginu
Fræðsla/námskeið	<p>Stuðla að því að starfsfólk fái fræðslu eða komist á námskeið um útinám (umhverfismál, sjálfbæra þróun og gildi náttúruverndar).</p> <ul style="list-style-type: none"> Lokið var við námskeið um ratleiki í skólastarfi. Jakob F. Þorsteinsson var væntanlegur 10. nóvember með erindi um útinám sem frestast til fyrstu viku janúar mánaðar. Guðmundur Finnbogason kom þann 24. nóvember með námskeið um útielhdús. Hugmyndir að fleiri námskeiðum-námsferðum innan lands eða utan (nýting svæðisins, kertagerð, pappírsgerð, tálgun). Samstarf við aðra skóla í nágrenninu. 	Starfsfólk og þeir sem best eru til þess fallnir að leiðbeina og kenna hverju sinni
Útinámssvæði	<p>Haldið verði áfram við þróun og nýtingu á útinámssvæði með sjálfbærni að leiðarljósi, nýtum efni sem til fellur í okkar verkefni.</p> <ul style="list-style-type: none"> Unnið að skýli. 	Starfsfólk, nemendur og ráðgjafar

	<ul style="list-style-type: none"> • Gert eldstæði. • Grisjun og snyrtingu framhaldið. • Haldið við stígum. • Fenginn ráðgjafi. • Hugmyndir nemenda um nýtingu, verkefni frá síðasta umhverfisdegi. 	
Skólaskógur/ Grenndarskógur	<p>Stefnt að því að land verði fengið til ráðstöfunar fyrir trjárækt/trjáasafn og matjurtir fyrir 2012.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fyrirspurn vel tekið af fyrri sveitarstjórn og land líklega fundið en málið þarf að ítreka við núverandi sveitarstjórn. • Æskilegt að geta tengt þetta verkefni vordögum. • Samstarf við Skógræktina á Snæfoksstöðum, t.d. sótt jólatré, fengið efni, spurt ráða o.fl. 	Starfsfólk, sveitarstjórn, aðilar úr grenndarsamfélaginu og nemendur
Umhverfis dagar	<p>Nú þegar hafa nokkrir slíkir fest sig í sessi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dagur umhverfisins 25/4 • Dagur listsköpunar að hausti gæti tengst degi íslenskrar náttúru, 16. sept., núna er það samtalsdagurinn við nemendur, 2. nóv. • Dagur ræktunar (tré/matjurtir) að vori og þá kannski uppskeru að hausti. • Réttardagurinn • Göngudagur. • Vetrardagur – skautar/skiði/þotur 	Starfsfólk, nemendur og aðrir sem þurfa kannski að koma til aðstoðar. T.d. foreldrar eða starfsmenn sveitarfélags
Útilistaverk	Afhjúpa fullinnið/unnin listaverk við lok verkefnis, vor 2012.	Nemendur og starfsfólk
Rit/starfsáætlun	Halda áfram með ritið/starfsáætlunina um útiskólann sem unnið var s.l. ár og bæta við því sem ávinnst næstu tvo vetur.	
Grænfáni	<p>Sækja um að fá að gerast skóli á grænni grein. Til þess þarf að uppfylla sjö skref.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Umhverfisnefnd starfar við skólann og skipuleggur og stýrir verkefninu. 2. Mat á stöðu umhverfismála í skólanum (sjá eyðublöð á grænni grein). 3. Áætlun gerð um aðgerðir og 	Starfsfólk, nemendur, foreldrar, ráðgjafar og aðrir sem þarf að kalla til aðstoðar.

	<p>markmið til umhverfisbóta í skólanum (unnið að loknu matinu).</p> <p>4. Stöðugt eftirlit og endurmat á umhverfismálum í skólanum.</p> <p>5. Nemendur fræddir um umhverfismál (skólnámskrá).</p> <p>6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með (á vef skólans, í námskrá og tengir grenndarsamfélagið inn í).</p> <p>7. Umhverfissáttmáli sem lýsir heildarstefnu skólans í umhverfismálum og umhverfismennt og framtíðarsýn (stefna skólans).</p>	
Sjálfsmat	<p>Febrúar 2011</p> <ul style="list-style-type: none"> • Á áætlun er að spyrja spurninga er tengjast útinámi/útikennslu og kennsluháttum. <p>Febrúar 2012</p> <ul style="list-style-type: none"> • Á áætlun er að spyrja spurninga er tengjast þróunarverkefnum, skólanámskrá og stefnu skólans. 	Starfsfólk, nemendur og foreldrar

Fylgiskjal 9 Greinargerð með námssjóðsverkefnum

Heiti námsefnis:	Höfundur/kennari:
Hvenær kennt:	Námshópur:
Námsgreinar:	Möguleg samþætting:
Undirbúningur:	Nauðsynleg gögn:
Hverjir fara með – við hverja þarf að hafa samband.	
Meðfylgjandi gögn:	Fjöldi blaðsíðna:
Góð ráð og ábendingar:	Tímalengd:
Námsmat:	
Upplifunarbók:	Kvittun:

